# FRÉTTABLAÐIÐ

108. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 9. MAÍ 2018




Gera má ráð fyrir að stór hluti þjóðarinnar hafi fylgst með kröftugum flutningi Ara Ólafssonar á fyrra undankvöldi Eurovision í gærkvöldi. Ari hlaut því miður ekki náð fyrir eyrum Evrópu. Endanleg sæti verða kynnt á laugardagskvöld eftir aðalkeppnina en atkvæði dómnefndar vegur helming á móti símaatkvæðum. Seinna undankvöldið fer fram annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# D-listinn eflist þótt mótherjar sameinist

**Meira en sex af hverjum tíu Garðbæingum sem afstöðu taka í könnun sem Fréttablaðið og frettabladid.is hafa gert myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn. Flokkurinn fengi átta fulltrúa kjörna. Garðabæjarlistinn fengi þrjá menn kjörna en miðjuflokkarnir enga.**

**KOSNINGAR** Næstum tveir af hverjum þremur Garðbæingum, eða 63 prósent, sem afstöðu taka í skoðanakönnun sem Fréttablaðið og frettabladid.is hafa gert segja að þeir myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn ef kosið væri í dag. Rétt innan við fjórðungur, eða 23,5 prósent, nefnir Garðabæjarlistann, 4,5 prósent nefna Miðflokkinn og 1,5 prósent nefna Framsóknarflokkinn. Þá vekur athygli að 7,5 prósent myndu vilja kjósa eitthvað annað en þau fjögur framboð sem bjóða fram lista í vor.

Yrði þetta niðurstaðan fengi Sjálfstæðisflokkurinn 8 fulltrúa kjörna í bæjarstjórnina af 11 og Garðabæjarlistinn fengi 3.

Með þessu væri Sjálfstæðisflokkurinn að styrkja stöðu sína í Garðabæ frá kosningunum 2014. Þá fékk flokkurinn 58,8 prósent upp úr kjörkössunum og 7 menn kjörna af 11.

Garðabæjarlistinn er nýtt framboð í bænum og er hann skipaður fólki úr Samfylkingunni, VG, Bjartri framtíð, Viðreisn, Pírötum og svo óháðum frambjóðendum. Í síðustu sveitarstjórnarkosningum hlaut Björt framtíð tæp 14,8 prósent og 2 bæjarfulltrúa og Samfylkingin hlaut 9,9 prósent og 1 bæjarfulltrúa. Þá hlaut listi Fólksins í bænum einnig 9,9 prósent og 1 fulltrúa.

Hringt var í 778 manns með lögheimili í Garðabæ þar til náðist í 652 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 7. og 8. maí. Svarhlutfallið var 83,8 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir aldri. Alls tóku 54,3 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. Þá voru 9,3 prósent sem sögðust ekki ætla að kjósa eða ætla að skila auðu, 18,9 prósent sögðust óákveðin og 17,5 prósent vildu ekki svara spurningunni. – jhh / sjá síðu 6

**Könnun 7. og 8. maí**




## Forstjóralaunin til fyrra horfs

**KJARAMÁL** Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu, óskaði eftir því í gær að laun hennar hjá félaginu yrðu lækkuð til þess horfs sem forstjóralaunin voru áður en hún tók við starfinu í fyrravor. Lækkunin á að gilda frá því í byrjun þessa árs.

Þannig er undið ofan af 20 prósenta hækkun launa forstjóra Hörpu í fyrra og þau verða óbreytt frá því fyrir ári. Laun þjónustufulltrúa í Hörpu lækkuðu um 16 prósent á sama tíma. Þeir draga uppsagnir ekki til baka.



– gar / sjá síðu 2

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Formaður Samtaka iðnaðarins vill breyttar námsáherslur. 8

**SPORT** Allt undir í Vallaskóla þegar Selfoss og FH mætast í oddaleik um sæti í úrslitum Olís-deildar karla. 10



**TÍMAMÓT** Svefn og næring eru tvær af helstu grunnstoðum heilsu ásamt hreyfingu. 12

**LÍFIÐ** Áratugur hinna ýmsu æða á Íslandi. 20

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **MARKAÐURINN**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Norðaustanátt í dag, 13-18 m/s á Vestfjörðum en víða 8-15 annars staðar þegar kemur fram á daginn. Rigning með köflum, en talsverð rigning suðaustanlands. SJÁ SÍÐU 14

# Litlu lömbin lottóvinningur fyrir leikskólabörn



Það ríkti mikil gleði í fjárhúsinu að Hraðastöðum í Mosfellsdal þegar leikskólabörn frá Leirvogstunguskóla í Mosfellsbæ litu þar í heimsókn í gær. Hjónin á bænum láta sauðburð ekki trufla sig við móttöku gesta en hann er í algleymingi að sögn bóndans, Bjarna Bjarnasonar. „Það er lottóvinningur fyrir gestina að sjá lömbin fæðast,“ segir Bjarni og ítrekar að þrátt fyrir sauðburð sé opið alla daga á Hraðastöðum í maí. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Segja of seint í rassinn gripið

**KJARAMÁL** Ósk Svanhildar Konráðsdóttur, forstjóra Hörpu, um launalækkun til fyrra horfs hefur engin áhrif á ákvörðun VR um að hætta viðskiptum við Hörpu.

„Fyrst og fremst gerir þetta ekkert fyrir starfsfólkið og það er það sem skiptir máli, þetta snýst um fólkið sem starfar á gólfinu,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

VR er nú þegar búið að færa viðburðinn Fyrirtæki ársins sem halda átti 17. maí í Hörpu. Til stóð að halda jólaball félagsins í húsinu en nú er verið að vinna í að finna því annan stað. Vegna lítils fyrirvara gat félagið hins vegar ekki fært árlegt kaffisamsæti eldri félagsmanna VR annað og það verður í Hörpu á morgun.

Þeir þjónustufulltrúar sem Fréttablaðið náði tali af sögðu að þetta útspil Svanhildar breytti engu um uppsagnir þeirra. „Fyrir mína parta er þetta of seint í rassinn gripið,“ segir Guðrún Jóna H. Hilmarsdóttir.

Annar þjónustufulltrúi sem starfað hefur í Hörpu í fimm ár er Guðrúnu sammála. „Að þetta spretti upp núna þegar það er svona mikil reiði finnst okkur fullseint.“ Að sögn þjónustufulltrúans var erfitt að taka þá ákvörðun að segja upp. „Þetta er alveg það seinasta sem við vildum gera því þetta er auðvitað frábær vinna.“

Ragnar segist bera ómælda virðingu fyrir ákvörðun þjónustufulltrúa Hörpu um að segja upp. „Við erum að sýna í verki að við stöndum með þessu starfsfólki og félagsmönnum okkar. Ég er mjög stoltur af þessu fólki fyrir að sýna þessa áræðni og það er mikilvægt að sýna þessu fólki samstöðu bæði í orði og á borði. Ef stéttarfélagið sýnir þessu fólki ekki stuðning þá er fokið í flest skjól.“ – gþs



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

## Hæfismál flutt í næstu viku

**DÓMSMÁL** Kærumál um þá kröfu að Arnfríður Einarsdóttir landsréttardómari víki sæti í máli manns er ákærður er fyrir umferðarlagabrot er komið á dagskrá Hæstaréttar.

Munnlegur málflutningur verður í málinu 18. maí. Hæstiréttur hefur komist að þeirri niðurstöðu að skipun Arnfríðar og þriggja annarra dómara við Landsrétt hafi ekki verið lögum samkvæm. Málið snýst í raun um gildi þeirra dóma sem umræddir dómarar dæma og því ljóst að niðurstaða málsins getur skipt verulegu máli fyrir dómskerfið.

Fallist Hæstiréttur ekki á kröfu mannsins má búast við að farið verði með málið alla leið til Mannréttindadómstóls Evrópu en Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson, verjandi mannsins, hefur gefið þann ásetning í skyn. – aá

# Deila um undirskriftir vegna íbúakosningar

**29,4 prósent kosningabærra íbúa Árborgar óskuðu eftir því að íbúakosning færi fram um nýtt deiliskipulag miðbæjar Selfoss. Undirskriftalistar sendir til baka til ábyrgðarmanna af Þjóðskrá. Ekkert átt við listana að sögn ábyrgðarmanns.**

**ÁRBORG** Íbúakosning um nýsamþykkt deiliskipulag miðbæjar Selfoss er í hnút vegna þess að ágöld eru um það hvort undirskriftasöfnun fyrir kosninguna hafi farið rétt fram.

Í hinu nýja deiliskipulagi er gert ráð fyrir viðamiklum framkvæmdum í miðbænum þar sem endurbyggja á sögufræg hús, sem standa ekki lengur, víðs vegar af landinu. Andstæðingar þess telja að of þétt verði byggt á svæðinu og freistuðu þess að knýja fram íbúakosningu um málið.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum er unnt að knýja fram slíka kosningu riti 20 prósent atkvæðabærra íbúa undir yfirlýsingu þess efnis. Sveitarfélagi er heimilt að hækka þann þröskuld en þó má hann aldrei vera hærri en þriðjungur kjósenda. Árborg hækkaði sinn þröskuld með 63. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins. Samkvæmt greininni þurfa 29 prósent að skrifa undir slíkan lista.

Á fundi bæjarstjórnar 22. mars sl. var slík undirskriftasöfnun heimiluð. Mætti hún hefjast daginn eftir og vera lokið 20. apríl. Alls skrifuðu 29,4 prósent íbúa undir. Áhöld eru hins vegar uppi um hvort rétt hafi verið staðið að söfnuninni.

Heimildir Fréttablaðsins herma að einhverjir íbúar telji að nafn sitt sé á listanum gegn þeirra vilja. Þá herma aðrir að þeir hafi talið sig vera að skrifa undir meðmælalista fyrir framboð í komandi sveitarstjórnarkosningum. Slíkar undirskriftir gætu hafa riðið baggamuninn við það að ná yfir 29 prósenta þröskuldinn.



Svona er áætlað að hinn umdeildi miðbær muni líta út eftir breytinguna. MYND/SIGTÚN ÞRÓUNARFÉLAG

> Sveitarstjórnin vill birta listann í heild sinni og það stendur í okkur.
>
> Davíð Kristjánsson, einn þriggja ábyrgðarmanna söfnunarinnar

„Það eina sem okkur hefur borist er afrit af bréfi frá Þjóðskrá um að farið hafi verið yfir undirskriftirnar. Þau gögn eru ekki næg heldur þurfa undirskriftalistarnir sjálfir að berast og sveitarstjórn að fara yfir þá samkvæmt ákvæðum reglugerðar um efnið,“ segir Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri í Árborg.

Kassi með undirskriftum var afhentur lögreglu þann 20. apríl, hann innsiglaður og sendur Þjóðskrá. Sá var hins vegar sendur til baka og afhentur ábyrgðarmönnum á nýjan leik. Þeir skiluðu kassanum á ný þann 26. apríl. Kassinn var því óinnsiglaður um nokkurra daga skeið.

„Við fengum kassann aftur þar sem það vantaði upp á að rafrænt afrit af listanum fylgdi með kassanum. Við töldum okkur hafa uppfyllt okkar skyldu strax í upphafi en það var einhver misskilningur með það,“ segir Davíð Kristjánsson, einn þriggja ábyrgðarmanna söfnunarinnar.

Davíð segir að það sé alveg klárt mál að engar undirskriftir hafi bæst í kassann meðan rafrænn listi var útbúinn. Aðeins ábyrgðarmenn hafi haft aðgang að honum. Hann hafi heyrt af einhverri umræðu á netinu um að átt hefði verið við listann.

„Sveitarstjórnin vill birta listann í heild sinni og það stendur í okkur. Við teljum réttara að Þjóðskrá setji upp einhverja gátt þar sem fólk getur staðfest undirskrift sína. Það þætti okkur eðlilegast til að koma í veg fyrir að þetta verði gert tortryggilegt,“ segir Davíð. joli@frettabladid.is






ÍSLENSKA SIA.IS ICE 88171 05/18

**Rómantík á Rínarbökkum**

Düsseldorf stendur við Rínarbakka þar sem tísku- og menningarstraumar mætast í glæsilegum arkitektúr sem hvarvetna gleður augað. Njóttu þess að velja úr söfnum, rölta milli veitingahúsa og láttu heillast við höfnina þar sem Rínarturn gnæfir yfir Der Neue Zollhof.

Fyrsta flug til Düsseldorf verður 25. október og flogið verður fjórum sinnum í viku, allan ársins hring.

ICELANDAIR

# Turnarnir tveir myndu báðir tapa fylgi frá síðustu kosningum

**KOSNINGAR** „Það kemur á óvart hvað hún er ólík öðrum könnunum,“ segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar, um könnun sem Fréttablaðið og frettabladid.is gerðu á fylgi flokkanna fyrir borgarstjórnarkosningarnar. „Við sjáum þarna miklar sveiflur á fylgi en það er líka hátt hlutfall sem er ekki að svara. Annaðhvort eru miklar sveiflur á fylginu eða þá að fólk er ekki að gefa sig upp,“ bætir Eyþór við. Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 22,4 prósenta fylgi í könnuninni sem gerð var í fyrrakvöld. Þegar Fréttablaðið og frettabladid.is könnuðu fylgið 24. apríl síðastliðinn var Sjálfstæðisflokkurinn með rúmlega 30 prósent og hefur því misst verulegt fylgi á tæpum hálfum mánuði. Það yrði líka lakari árangur en í kosningunum árið 2014 þegar flokkurinn fékk 25,7 prósent.



Dagur Eggertsson



Eyþór Arnalds

Samfylkingin mælist með 30,5 prósenta fylgi í könnuninni og bætir við sig tæpum fimm prósentustigum milli kannana. Flokkurinn nær þó ekki sama fylgi og í kosningunum 2014, þegar hann fékk 31,9 prósent gildra atkvæða upp úr kjörkössunum.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og oddviti Samfylkingarinnar, lýsti ánægju með niðurstöðu könnunarinnar í samtali við Bylgjuna í gær.

„Já, þetta er sterk könnun fyrir meirihlutann og sterk könnun fyrir Samfylkinguna sem ég er innilega ánægður með. Ég held að það séu að teiknast upp býsna skýrir valkostir í kosningunum, þar sem við stöndum fyrir þróun Reykjavíkur í græna átt. Í átt að fjölbreyttari og áhugaverðari borg sem er jafnframt borg fyrir alla,“ sagði Dagur. – **jhh**



Landlæknir vill skipta gosi út fyrir grænmeti. NORDICPHOTOS/GETTY

## Landlæknir vill sykurskatt á gos

**LÝÐHEILSA** Embætti landlæknis leggur til að stjórnvöld hækki álögur á gosdrykki þannig að þeir séu skattlagðir í samræmi við almenna skattheimtu og beri 24 prósenta virðisaukaskatt í stað 11 prósenta. Einnig að vörugjöld hækki um 20 prósent.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra kynnti tillögurnar í ríkisstjórninni í gær. Þær taka mið af ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Lagt er til að þeir fjármunir sem koma inn með þessum breytingum verði nýttir til að lækka álögur á grænmeti og ávexti. Jafnframt verði fé eyrnamerkt fyrir starf á sviði heilsueflingar. – **khn**

**LEIÐRÉTTING**

*Fyrirsögn á forsíðu Fréttablaðsins mánudaginn 7. maí þess efnis að starfsmenn dómstóla leki trúnaðargögnum endurspeglaði ekki innihald fréttarinnar og hefur henni nú verið breytt.*

# Bestu lífeyrissjóðir skila fjórfalt meiri ávöxtun en hinir lökustu

**Fæstir lífeyrissjóðir hafa náð þeirri ávöxtun til langs tíma sem þeir hafa sett að markmiði. Ávöxtun þess sjóðs sem nær bestum árangri er nær fjórföld á við þann sem stendur lakast. Varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar er hlynntur því að auka frelsi í vali á lífeyrissjóðum. En fyrst þurfi að jafna örorkubyrði.**

**FJÁRMÁL** Sjötíu prósent lífeyrissjóða á Íslandi hafa ekki náð þeirri ávöxtun til langs tíma sem sjóðirnir hafa sett sér að markmiði. Þetta sýnir ný greining sem Hallgrímur Óskarsson verkfræðingur og Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, hafa gert.

Markmið sjóðanna er að ná til lengri tíma litið 3,5 prósenta meðalraunávöxtun. Þeir Hallgrímur og Gylfi hafa rýnt í gögn allra lífeyrissjóðanna í talnaefni ársreikningabóka Fjármálaeftirlitsins frá ársbyrjun 1997 til ársloka 2016. Tekið var tillit til sameininga sem átt hafa sér stað. Árið 1997 voru þetta 50 sjóðir en í dag hefur þeim fækkað með sameiningum í 27 lífeyrissjóði.

Niðurstöður voru að af 27 sjóðum sem starfandi eru á Íslandi séu einungis átta sem skila meira en 3,5 prósenta meðalávöxtun yfir tímabilið. Í grein sem þeir Hallgrímur og Gylfi skrifa og birt er á blaðsíðu 11 í Fréttablaðinu í dag kemur fram að sá sem skilar mestu er með 6,16 prósenta meðalraunávöxtun. Sá sem er með minnstu ávöxtunina er hins vegar einungis með 1,25 prósent.

„Á þessu 20 ára tímabili var ávöxtun þess sjóðs sem náði bestum árangri að þessu leyti nær ferfalt hærri en hjá þeim sjóði sem skilaði lakastri ávöxtun. Hvert prósentustig í meðalávöxtun yfir langan tíma hefur mikil áhrif á þann lífeyri sem greiddur er að lokum og bendir allt því til þess að fólk muni búa við nokkuð misjöfn kjör á eftirlaunaárum vegna mismikillar ávöxtunar sjóða,“ segja þeir Hallgrímur og Gylfi.

Þeir benda á að ávöxtun í fortíð sé vissulega ekki ávísun á örugga ávöxtun í framtíðinni en þó hljóti þessar upplýsingar að teljast mikilvægur liður í því að auka gagnsæi, enda séu landsmenn allir skyldaðir til að greiða í sjóðina.

„Stór hluti launþega hefur ekki beint val um það í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða heldur renna iðgjöld einfaldlega í þann lífeyrissjóð sem verkalýðsfélag hvers og eins hefur valið,“ segir einnig í greininni. Íhuga þurfi að leyfa launafólki að greiða í nokkra sjóði til að dreifa áhættu.

Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar og varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segist hlynntur auknu valfrelsi í lífeyrismálum.

„Það skiptir mjög miklu máli að sjóðirnir búi við sterkt og gott aðhald og auðvitað er aðhaldið mest ef sjóðfélagar geta valið að skipta um sjóð ef þeir eru óánægðir með ávöxtun sjóðsins til langs tíma litið,“ segir Þorsteinn.

Eðlilegt sé að fólk hafi meira um það að segja hvar fjármagn þess er ávaxtað. Áður en opnað væri á valfrelsi í aðild að lífeyrissjóðum þyrfti þó að jafna örorkubyrði milli sjóða.

**jonhakon@frettabladid.is**

**Misjöfn ávöxtun íslenskra lífeyrissjóða 1997-2016** í prósentum




**Það skiptir mjög miklu máli að sjóðirnir búi við sterkt og gott aðhald.**

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins








# Trump stóð við stóru orðin um Íran

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, tilkynnti í gær að Bandaríkin ætluðu að rifta Ianssamningnum svokallaða af sinni hálfu og koma á viðskiptaþvingunum gegn Íran á ný. Trump hafði oftsinnis lofað að rifta samningnum, bæði í kosningabaráttu sinni og eftir að hann varð forseti, og reglulega sagt hann „versta samning allra tíma“.

„Þetta var hörmulegur einhliða samningur sem hefði aldrei nokkurn tímann átt að vera gerður,“ sagði Trump. Hann sagði að hvert það ríki sem aðstoðaði Írana við kjarnorkuáætlun sína gæti lent í að vera beitt viðskiptaþvingunum.

Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Kína, Rússland, Þýskaland og Evrópusambandið gerðu samninginn við Íran árið 2015 eftir langar viðræður. Hann setur takmarkanir á getu Írans til að vinna að kjarnorkuáætlun sinni og samkvæmt Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni hafa Íranar staðið við sitt.

Á móti samþykktu kjarnorkuveldin, auk Þýskalands og Evrópusambandsins, að aflétta viðskiptaþvingunum gegn Íran og að affrysta íranskar eignir, virði um hundrað milljarða dala.



Donald Trump Bandaríkjaforseti kynnir ákvörðun sína. Nordicphotos/Getty

Hassan Rouhani, forseti Írans, sagði í gær að það tæki Írana nokkrar vikur til að ákveða hvernig svara eigi riftun Bandaríkjanna. Samningurinn gilti enn við hin ríkin.

Andstæðingar samningsins, einna helst Trump og Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, hafa áður sagt að með gerð hans fái Íranar aðgang að miklu fjármagni sem hægt sé að nota til að fjármagna herbrölt.

Gildistími ákvæða samningsins hefur einnig verið harðlega gagnrýndur. – **þea**


HYBRID
SUZUKI
Way of Life!
SUZUKI MILD HYBRID
FYRIR UMHVERFIÐ OG ÞIG
SUZUKI IGNIS 4X4
1,2 DUALJET MILD HYBRID GLX
Beinskiptur*
Meðaleyðsla lítrar / 100 km, 4.7
VERÐ KR.
2.860.000
SUZUKI SWIFT
1.0 BOOSTERJET MILD HYBRID GLX
Beinskiptur*
Meðaleyðsla lítrar / 100 km, 4.3
VERÐ KR.
2.580.000
SUZUKI BALENO
1,2 DUALJET MILD HYBRID GLX
Beinskiptur*
Meðaleyðsla lítrar / 100 km, 4.5
VERÐ KR.
2.760.000
Suzuki er fáanlegur með Hybrid tvinnaflsrásarvélum.
1.2l Dualjet Mild Hybrid í Suzuki Ignis og Suzuki Baleno,
1.0l Boosterjet Mild Hybrid í Suzuki Swift.
Komdu í heimsókn og kynntu þér Suzuki Mild Hybrid.
*Suzuki Mild Hybrid eru eingöngu fáanlegir beinskiptir.
SUZUKI MILD HYBRID
– fyrir umhverfið og þig
FLUTT MEÐ
EIMSKIP
SUZUKI
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL
*í sófa frá Lúr*

Mikið úrval af litum í tau- og leðuráklæðum.




**Riccardo**
Glæsilegur tungusófi með öllum sætum rafstillanlegum. Hægri eða vinstri tunga.




**Isabella**
Sófi sem er í senn glæsilegur og þægilegur. Með hand- eða rafstýrðum hvíldarstólum í öllum sætum.




**Grace**
Fáanlegur sem hægri eða vinstri tunga. Rafstillanlegur hægindarstóll í enda. Nokkrir litir í boði, alklæddur leðri eða slitsterku áklæði.




**Ermes**
ERMES sófinn er fáanlegur í fjöldamörgum útfærslum svo sem tveggja, þriggja eða fjögurra sæta. Öll sæti með rafstýrðum skemlum.




**Mobius**
Hægindasófinn er með hvíldarstólum í hvorum enda, handstillanlegum eða rafstillanlegum. Alklæddur leðri eða vönduðu tauáklæði og fáanlegur í fjölmörgum litum.

**VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN**
Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík 554 6969
lur@lur.is www.lur.is

LÚR BETRI HVÍLD




SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2018 Garðabær



## Úrslit sveitarstjórnarkosninga 2014

| Framboð | Fylgi |
|---|---|
| Framsókn 0 fulltrúar | 6,6% |
| Sjálfstæðisflokkurinn 7 fulltrúar | 58,8% |
| Listi fólksins í bænum 1 fulltrúi | 9,9% |
| Samfylkingin 1 fulltrúi | 9,9% |
| Björt framtíð 2 fulltrúar | 14,8% |

## Íbúar í Garðabæ

1. janúar 2014
**14.180**

1. janúar 2018
**15.709**

Skuldir á hvern íbúa
**724.951 kr.**

Skuldahlutfall nú*
**79%**

Skuldahlutfall árið 2014
**93%**

*Samkvæmt síðasta samþykkta ársreikningi

## Framboðslistar í Garðabæ

**Sjálfstæðisflokkurinn**
1. Áslaug Hulda Jónsdóttir, forstöðumaður
2. Sigríður Hulda Jónsdóttir, ráðgjafi
3. Sigurður Guðmundsson, lögfræðingur
4. Gunnar Valur Gíslason, verkfræðingur

**Garðabæjarlistinn**
1. Sara Dögg Svanhildardóttir, stjórnandi
2. Ingvar Arnarson, framhaldsskólakennari
3. Harpa Þorsteinsdóttir, lýðheilsufræðingur
4. Halldór Jörgensson, tölvunarfræðingur

**Miðflokkurinn**
1. María Grétarsdóttir, viðskiptafræðingur
2. Gísli Bergsveinn Ívarsson, verkefnastjóri
3. Zophanías Þorkell Sigurðsson, tæknistjóri
4. Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri

**Framsóknarflokkurinn**
1. Ármann Höskuldsson, eldfjallafræðingur
2. María Júlía Rúnarsdóttir, lögfræðingur
3. Sveinn Gauti Einarsson, umhverfisverkfræðingur
4. Einar Karl Birgisson, framkvæmdastjóri

# Barnafjölskyldurnar og velferð fyrirferðarmest

**Bæjarstjórnarkosningarnar í Garðabæ snúast að miklu leyti um velferðarmál og málefni barnafjölskyldna. Þrjú framboð reyna að kroppa fylgi af Sjálfstæðisflokknum sem farið hefur með völd í bænum svo lengi sem elstu menn muna.**

Uppbygging í velferðarþjónustu Garðabæjar, aukning félagslegra íbúða og íbúða fyrir aldraða ásamt því að fjárfesta frekar í börnum Garðabæjar eru samhljóma verkefni sem minnihlutaflokkarnir í Garðabæ ætla að berjast fyrir.

Sjálfstæðismenn leggja verk sín hins vegar stoltir í dóm kjósenda þar sem gengið hefur afar vel á kjörtímabilinu að þeirra mati.

Bæjarstjórnarkosningar í Garðabæ hafa undanfarna áratugi ekki verið mjög spennandi og aðeins spursmál hversu stór meirihluti Sjálfstæðisflokksins yrði.

Nú reyna þrjú framboð að skáka Sjálfstæðisflokknum í Garðabæ. Framboðin eru sameinað framboð Garðabæjarlistans, sem samanstendur af einstaklingum sem hafa tekið þátt í stjórnmálum fyrir Viðreisn, Bjarta framtíð, Samfylkinguna og Vinstri græn, auk tvíburaflokkanna Miðflokksins og Framsóknarflokksins.

Laun Garðbæinga eru að meðaltali þau hæstu á landinu ásamt sveitarfélögum eins og Fjarðabyggð og Seltjarnarnesi. Því eru útsvarstekjur bæjarins með þeim hæstu á landinu. Hefur það einmitt sýnt sig að fjármál sveitarfélagsins eru í afar góðu horfi og hafa skuldir sveitarfélagsins lækkað umtalsvert á kjörtímabilinu. Þær eru lægstar á hvern íbúa af stóru sveitarfélögunum.

### Velferðarmál stóru málin

„Að okkar mati eru stóru málin velferðin, að taka betur utan um þau. Það er engin stefna eða framtíðarsýn í þeim málum í Garðabæ og mikilvægt að við förum að setja inn systkinaafslátt í íþrótta- og tómstundastarf í bænum,“ segir Sara Dögg Svanhildardóttir, oddviti Garðabæjarlistans. „Á einhvern hátt þurfum við meiri mennsku í bæinn, ef það má orða það þannig.“


Sara Dögg Svanhildardóttir.


Ármann Höskuldsson.


Gunnar Einarsson.


María Grétarsdóttir.

Ármann Höskuldsson, oddviti Framsóknarflokksins, segir einnig mikilvægt að efla velferðarmálin.

„Þetta samfélag er auðvitað afar ólíkt öðrum bæjarfélögum en við verðum að gera betur í velferðarmálum en það er markmið okkar að huga vel að barnafjölskyldum og svo eldri borgurum. Við viljum að það verði mun ódýrara fyrir fjölskyldur að hafa börn í íþróttum í Garðabæ og styðja þannig við ungar barnafjölskyldur. Einnig er mikilvægt að fjölga íbúðum fyrir eldri borgara svo þeir geti kannski losnað úr stórum húsum.“

### Öryggi og náttúruvernd

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, var í áttunda sæti í síðustu kosningum og litlu munaði að hann kæmist inn sem bæjarfulltrúi. Aftur er hann í áttunda sæti listans en jafnframt bæjarstjóraefni Sjálfstæðismanna í komandi kosningum.

„Það hefur gengið vel í Garðabæ og fjármál sveitarfélagsins eru í góðu horfi. Við horfum til þess að kosningarnar snúist um unga fólkið og menntamál, náttúruvernd, en við höfum einmitt friðað um 40 prósent af landi í Garðabæ, auk öryggis íbúanna en við höfum stóreflt eftirlit til að tryggja öryggi íbúa í bænum í samvinnu við þar til bæra aðila. Íbúarnir kalla eftir því að eigur þeirra séu tryggðar en mikið hefur verið um innbrot upp á síðkastið. Það hefur gengið vel hjá okkur og við höldum ótrauð áfram,“ segir Gunnar.

### Á móti borgarlínu

María Grétarsdóttir, fulltrúi Miðflokksins, sem áður var fulltrúi M-lista fólksins í bænum, er eini oddvitinn sem segist á móti lagningu borgarlínu, hún vilji miklu frekar efla almenningssamgöngur.

„Aukningin hjá Strætó er mikið til komin vegna fjölgunar ferðamanna. Því þarf að fara vandlega ofan í hverjir nota strætó og skoða hlutina upp á nýtt. Einnig viljum við sem allra mest fá nýtt þjóðarsjúkrahús á Vífilsstaði því það mun koma þjóðinni best,“ segir María. „Einnig leggjum við mikið upp úr vandaðri og gagnsærri stjórnsýslu.“

sveinn@frettabladis.is

# DEWALT Á HEIMA HJÁ SINDRA

# HÖRKUTÓL Á TILBOÐI

## OPIÐ ALLA VIKUNA TIL 18:00

TILBOÐ

## HLEÐSLUSETT 6 VÉLAR 18V

18v sett í þremur töskum
Settið inniheldur:
Fjölnota sög
Hjólsög
Slípirokk
Borvél
SDS + Borvél
Skrúfvél
Hleðslutæki
3x Rafhlöður 18v 5 Ah

+ Tveir miðar

vnr 94DCK654P3T

**165.000** m/vsk

Fullt verð 197.976



TILBOÐ

### 2JA LÍNU LASER

nákvæmni allt að + - 0,3 mm/m.
Sjáanleiki innandyra: 10 m

+ Tveir miðar

vnr 94DW088K

**36.039** m/vsk

Fullt verð 45.643



TILBOÐ

### HLEÐSLUBORVÉL 18V

Tvær 18v 1.5Ah rafhlöður
60 Nm hersla
Tveggja gíra
13 mm patróna
T-STAK taska

vnr 94DCD790S2

**29.900** m/vsk

Fullt verð 40.446



TILBOÐ

### HJÓLSÖG 1350W

vnr 94DWE560

**30.062** m/vsk

Fullt verð 37.577



TILBOÐ

### GEIRUNGSSÖG

+ Tveir miðar

vnr 94DWS774

**45.124** m/vsk

Fullt verð 55.030



TILBOÐ

### GEIRUNGSSÖG 305 MM

Mesta skurðargeta: 110 X 303 mm
Mesti halli: 49°
Blaðstærð: 305 mm
Þyngd: 24.8 Kg
Skuggalína til að sjá skurðarlínu.

+ Tveir miðar

vnr 94DWS780

**115.118** m/vsk

Fullt verð 140.388



TILBOÐ

### BORÐSÖG

+ Tveir miðar

Blað: 250 mm
Þyngd: 22 Kg
Afl: 1700 wött
Borð fylgir

94DW745RS

**125.900** m/vsk

Fullt verð 142.705



Tilboð gilda frá 7. - 11. maí eða á meðan birgðir endast

*Einungis eru afhentir tveir miðar á mann ef verslað er vara eða vörur fyrir 35.000 kr. eða meira.

*Tveir miðar fylgja
á Sindra torfæruna á Hellu 12. maí .
Ef verslað er fyrir 35.000 kr eða meira

www.sindri.is / sími 575 0000
Skútuvogi 1 - Reykjavík I Viðarhöfða 6 - Reykjavík I Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

# Yfirklór



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Harpa er hús sem er fyrst og fremst byggt utan um tónlist og fyrir þá sem vilja koma og njóta hennar í öllum sínum fjölbreytileika. Það er tilgangur þessa húss og þess vegna er starfsemin hluti af því sem gerir okkur að þjóð, rétt eins og eitthvað jafn óáþreifanlegt og ljóðlist og tungumálið. Þjóðin þarf því að finna að Harpa tilheyrir henni ef ríkja á sátt um starfsemina og kostnaðinn sem fylgir.

Það hefur því verið raunalegt að fylgjast með forstjóra og stjórn Hörpu og framgangi þeirra í málefnum þjónustufulltrúa hússins. Fólksins sem er í senn lægst launuðu starfsmenn hússins og andlit þess gagnvart gestum, sem hefur ávallt verið til fyrirmyndar.

Það stóð þó ekki í vegi fyrir stjórn og framkvæmdastjóra þegar farið var út í að bæta á þetta fólk starfsskyldum og lækka laun þess. Var þetta gert til að takast á við rekstrarvanda en í ljós hefur komið að það voru einungis þessir lægst launuðu starfsmenn sem þurftu að taka á sig bæði kjaraskerðingu og aukna verkskyldu. Ekki var hreyft við launum millistjórnenda en nýr forstjóri Hörpu, Svanhildur Konráðsdóttir, sem leiddi aðgerðirnar hafði verið ráðin til starfa með einhvers konar framtíðarvilyrði um yfir 20% launahækkun þegar stjórnin væri laus undan ákvörðunum kjararáðs. Ekki stóð á þeirri hækkun aðeins tveimur mánuðum síðar. Stjórn Hörpu og forstjóri geta hins vegar þakkað þjónustufulltrúunum og stéttarfélagi þeirra VR fyrir að þau brutu ekki lög í umræddum sparnaðaraðgerðum.

Eftir mikla og réttmæta gagnrýni á þessa framgöngu forstjóra og stjórnar hefur Svanhildur Konráðsdóttir farið þess á leit við stjórn Hörpu að laun hennar verði lækkuð afturvirkt frá 1. janúar 2018 til samræmis við ákvörðun kjararáðs. Ekki er þó annað að sjá en að standa eigi við launalækkun þjónustufulltrúanna og í ljósi þess sem á undan er gengið er það trauðla nóg til þess að lægja öldurnar. Það er búið að ganga yfir þjónustufulltrúana á skítugum skónum og senda frá sér yfirlýsingar með yfirklóri og útúrsnúningum.

Á um það bil sama tíma og Svanhildur var að biðja um launalækkun á Facebook var Þórður Sverrisson, stjórnarformaður Hörpu ohf., í útvarpsþættinum Reykjavík síðdegis á Bylgjunni. Þar hélt hann því fram að málið væri byggt á „falsfrétt“ og vísaði þar til fréttar Fréttablaðsins um málið. Það er rétt að taka fram að Þórður var sjálfur viðmælandi blaðamannsins í umræddri frétt og staðfesti þær tölur sem þar komu fram. Þetta bendir til þess að nú eigi að grípa í það haldgóða íslenska hálmstrá að þetta sé fjölmiðlum að kenna. Þetta er auðvitað ekki boðlegt.

Almenningur sem eigandi hússins hlýtur að gera kröfu til þess að fulltrúar hans hjá ríki og borg láti nú málið til sín taka. Málið snýst ekki einvörðungu um launahækkun forstjóra og launalækkun þjónustufulltrúa á sama tíma, heldur um traust til þess að stýra þessari mikilvægu sameign landsmanna. Því trausti fylgir ábyrgð sem felur í sér opna og vammlausa stjórnsýslu sem almenningur getur borið virðingu fyrir og er starfsemi hússins til heilla.

**Þetta bendir til þess að nú eigi að grípa í það haldgóða íslenska hálmstrá að þetta sé fjölmiðlum að kenna.**

**Utankjörfundaratkvæðagreiðsla**

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla við embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu vegna kosninga til sveitarstjórna sem fram fara 26. maí 2018 fer eingöngu fram í verslunarmiðstöðinni Smáralind í Kópavogi á 2. hæð vesturenda **frá og með föstudeginum 11. maí 2018.**
Þar verður opið alla daga milli **kl. 10:00 og 22:00.**

**Lokað verður hvítasunnudag 20. maí 2018.**

Á kjördag laugardaginn 26. maí verður opið milli kl. 10:00 og 17:00 fyrir kjósendur sem eru á kjörskrá utan höfuðborgarsvæðisins.

***Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu***
***Þórólfur Halldórsson***

## Halldór




## Frá degi til dags

**Botnlaus fyrirhöfn**
**Viðhaldsdýpkun Landeyjahafnar hefur frá árinu 2011 kostað ríkissjóð rúmlega tvo og hálfan milljarð króna. Þetta kom fram í svari samgönguráðherra við fyrirspurn Björns Levís Gunnarssonar. Landeyjahöfn, sem átti að vera hin mesta samgöngubót hefur reynst hins vegar nánast botnlaus hít og dæla þarf burt sandi ótt og títt svo blessað mannvirkið sé nothæft. Það verður að teljast réttnefni hjá gárungum sem kallað hafa hana Fyrirhöfn frá því hún var opnuð.**

**Fjölskylduframboð**
**Guðlaug Kristjánsdóttir klauf sig eftirminnilega úr Bjartri framtíð á dögunum og setti saman nýtt framboð. Hún sem stofnandi framboðsins hefur ekki sótt vatnið yfir lækinn ef svo má að orði komast við að raða á listann. Í 10. sæti er bróðir þess sem er í 3. sæti og í 11. sæti er eiginmaður þess sem skipar það fimmta. Nú í 12. sæti er móðir Guðlaugar og í 13. er sonur hennar. 15. sæti skipar móðir konunnar í þriðja sæti og í 17. sæti er eiginkona þess sem situr í öðru sæti. Í heiðurssætinu er svo dóttir 11. og 5. sætis. Þetta þarf ekki að vera flókið.**

**sveinn@frettabladid.is**

# Setjum iðnnám í öndvegi



Guðrún Hafsteinsdóttir
formaður Samtaka iðnaðarins

Gríðarleg eftirspurn er hér á landi eftir iðnmenntuðu starfsfólki. Á sama tíma erum við langt á eftir öðrum þjóðum hvað varðar ásókn í iðnnám. Þessi þróun hefur verið að eiga sér stað yfir langan tíma. Við höfum leyft okkur að vanrækja iðnnámið en ýta á sama tíma undir bóknám.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, nánar tiltekið í 24. grein, er kveðið á um að jafnvægi skuli vera á milli bók- og verklegs náms innan grunnskólanna. Þarna virðist víða pottur vera brotinn. Margir verknámskennarar hafa lýst yfir áhyggjum sínum vegna þekkingarskorts nemenda í verklegum greinum þegar nemendur koma inn í framhaldsskólana. Nýverið mátti lesa viðtal við skólastjóra í Reykjavík sem hefur ákveðið að segja upp stöðu sinni vegna ómarkvissrar stefnu stjórnvalda í menntamálum. Margt af því sem þessi ágæti skólamaður nefnir á því miður við rök að styðjast. Okkur skortir stefnu og okkur skortir sýn. Hvernig ætlum við að bregðast við því hæfnimisræmi sem skapast hefur hér á landi milli þarfa atvinnulífsins og hæfni nemenda sem útskrifast?

Samkvæmt nýlegri könnun sem Samtök iðnaðarins létu gera meðal félagsmanna nefndi yfirgnæfandi meirihluti að fyrirtæki þeirra þyrftu á fólki að halda með iðnmenntun. Ef við ætlum að byggja hér upp samkeppnishæft atvinnulíf verðum við að setja iðnnám í öndvegi og leggja aukna áherslu á kennslu verklegra greina í grunnskólum landsins. Við verðum að sjá til þess að það sé samfella í iðnnámi þannig að nemendur geti lokið námi á réttum tíma án hindrana. Atvinnulífið verður að taka á sig ábyrgð og bjóða iðnnemum námssamninga á vinnustöðum sínum þannig að tryggt sé að nemendur geti lokið sveinsprófi.

Það er ljóst að við erum að gera eitthvað rangt á grunnskólastiginu varðandi námsáherslur. Við þurfum að leggja mun meiri áherslu á kennslu verklegra greina allt frá 1. bekk grunnskóla sem gæti skilað iðnmenntuðu fagfólki sem atvinnulífið tekur fagnandi.

**Það er ljóst að við erum að gera eitthvað rangt á grunnskólastiginu varðandi námsáherslur.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ávöxtun íslenskra lífeyrissjóða





**Dr. Gylfi Magnússon**
dósent í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

**Hallgrímur Óskarsson**
verkfræðingur

Í hverjum mánuði greiða landsmenn umtalsverðar upphæðir af launum sínum til lífeyrissjóða, bæði í sameign (skyldulífeyrir) og margir hverjir einnig í séreign (viðbótarlífeyrir). Það er því mikið hagsmunamál fyrir almenning að allar upplýsingar um ávöxtun og aðra frammistöðu þessara sjóða séu aðgengilegar en til að bera saman sjóði hefur þurft að vinna sig í gegnum talnaefni ársreikningabóka FME sem er ekki aðgengilegt fyrir almenning og samanburður erfiður nema með mikilli talnavinnu.

Ávöxtunartölur fyrir séreignasjóði voru birtar í Kastljósi fyrir ári. Til að ná að taka saman tölur um ávöxtun sameignarsjóða, hafa undirritaðir nú í nokkurn tíma unnið að því að gera þessi gögn aðgengileg þannig að almenningur geti séð raunávöxtun sinna sjóða yfir langt tímabil. Þessari vinnu er í meginatriðum lokið og liggja nú fyrir niðurstöður sem verða birtar á næstunni.

Skoðaðir voru allir sjóðir frá ársbyrjun 1997 til ársloka 2016 og tekið tillit til sameininga sem átt hafa sér stað. Árið 1997 voru þetta 50 sjóðir en í dag hefur þeim fækkað með sameiningum í 27 lífeyrissjóði. Það vekur fyrst athygli hve munurinn er mikill á milli sjóða. Á þessu 20 ára tímabili var ávöxtun þess sjóðs sem náði bestum árangri að þessu leyti nær ferfalt hærri en hjá þeim sjóði sem skilaði lakastri ávöxtun. Hvert prósentustig í meðalávöxtun yfir langan tíma hefur mikil áhrif á þann lífeyri sem greiddur er að lokum og bendir allt því til þess að fólk muni búa við nokkuð misjöfn kjör á eftirlaunaárum vegna mismikillar ávöxtunar sjóða. Alls 6 sjóðir (af 27) eru með meðalraunávöxtun á bilinu 1-2% yfir tímabilið en 8 sjóðir hafa ávöxtun á bilinu 2-3%. Það er svo þriðjungur sjóða (9 sjóðir) sem sýna ávöxtun á bilinu 3-4% yfir þetta langa tímabil, sem hlýtur að teljast góð ávöxtun og að lokum eru 4 sjóðir með meðalraunávöxtun yfir 4%.

Ávöxtun í fortíð er auðvitað ekki ávísun á örugga ávöxtun í framtíð en samt hlýtur þetta skref sem við höfum unnið að, að teljast mikilvægt sem liður í því að auka gagnsæi og að kynna sér hvernig gengið hefur að ávaxta lífeyrisfé landsmanna sem allir eru skyldaðir til að láta af hendi. Í flestum nágrannalöndum hafa þessar upplýsingar verið birtar á aðgengilegan hátt um langt skeið. Er þetta verkefni undirritaðra upphafið að því að almenningur geti gengið að þessum upplýsingum vísum því ráðgert er að uppfæra tölurnar reglulega og gera aðgengilegar öllum. Jafnframt verður talnaefnið notað í akademískar rannsóknir.

Stór hluti launþega hefur ekki beint val um það í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða heldur renna iðgjöld einfaldlega í þann lífeyrissjóð sem verkalýðsfélag hvers og eins hefur valið. Í ljósi verulegs munar í ávöxtun sjóða er því staða lífeyris við starfslok eins konar lífeyrishappadrætti fyrir hvern og einn sem getur skipt miklu fyrir lífskjör á efri árum. Einnig skiptir máli að hópurinn sem greiðir í hvern sjóð getur verið mjög ólíkur, t.d. er kynjaskipting iðulega mjög mismunandi á milli sjóða, sem getur haft veruleg áhrif á lífeyrisgreiðslur. Ýmsar endurbætur á þessu fyrirkomulagi væri vert að íhuga, m.a. að leyfa launafólki að greiða í nokkra sjóði til að dreifa áhættu. Þá er mikilvægt að kerfið sé eins gegnsætt og kostur er, m.a. þannig að ávöxtunartölur séu aðgengilegar og auðvelt að bera þær saman milli sjóða.

### Misjöfn ávöxtun íslenskra lífeyrissjóða 1997-2016




# Hættulegt fyrir umhverfið og lífríkið



**Jón Kaldal**
blaðamaður og félagi í The Icelandic Wildlife Fund

Það er kunnuglegt stef að það fólk sem stígur fram til varnar náttúru og lífríki Íslands þarf iðulega að sitja undir persónulegum árásum og illmælgi. Ómar Ragnarsson fékk að kenna á slíkum meðulum þegar hann gerðist málsvari hálendisins og Tómas Guðbjartsson læknir hefur þurft að sæta sömu meðferð vegna sinnar stórmerkilegu umhverfisbaráttu.

Gunnar Steinn Gunnarsson er á þessum slóðum hér í blaðinu í gær þegar hann veitist að félaga mínum, Ingólfi Ásgeirssyni, stofnanda The Icelandic Wildlife Fund.

Gunnar kynnir sig til leiks sem líffræðing en lætur þess ógetið að hann hefur verið viðriðinn laxeldi í áratugi og starfar nú sem framleiðslustjóri fiskeldisfyrirtækisins Laxa. Gunnar skammast yfir starfi Ingólfs sem flugstjóra, en þó eru flugvélar nógu góðar til að fljúga með afurðir fyrirtækis hans á erlendan markað. Þetta er sorglegur tvískinnungur og dæmi um ógöngur sem menn rata í þegar þeir hafa veikan málstað að verja.

Grein Gunnars er þar að auki uppfull af ýmsum rangfærslum um ógnina af erfðablöndun eldislax við villta stofna. Sú ógn hefur þegar raungerst í Noregi þar sem 66 prósent villtra stofna hafa skaðast.

Kjarni málsins er að tæknin, sem fyrirtæki Gunnars og önnur sjókvíaeldisfyrirtæki nota, er hættuleg náttúru og lífríki. Sjókvíar eru bara netapokar í sjó. Þetta er svo frumstæð og ófullkomin tækni að það sleppur alltaf fiskur úr kvíunum. Spurningin er bara hvenær og í hve miklu magni.

Mengunin frá þeim er líka hroðaleg. Skólpið streymir beint frá þeim í sjóinn. Í hverri kví eru um 200 þúsund fiskar. Á botninum fyrir neðan þær myndast fjöll af rotnandi fóðurafgöngum og saur.

Og það er meira. Aðbúnaður eldisdýranna er hræðilegur í sjókvíunum eins og við höfum því miður hrikaleg ný dæmi um úr íslensku eldi, bæði fyrir vestan og austan. Í rekstraráætlunum fiskeldisfyrirtækja er beinlínis gert ráð fyrir að 20 prósent eldisdýranna lifi ekki af aðbúnaðinn í kvíunum. Það er grátlegur vitnisburður um þennan iðnað.

Það þarf að fara með fiskeldi upp á land. Þar er staðan allt önnur. Skólpið er hreinsað, hægt er að stýra hitastigi í kerjunum þannig að fiskurinn strádrepst ekki úr kulda og svo stafar villtum laxastofnum ekki hætta af fiski sem er alinn á landi, fremur en öðrum lífverum í hafinu.

Auðvitað eigum við að taka höndum saman um eldisaðferðir sem eru betri fyrir umhverfið, lífríkið og eldisdýrin sjálf. Annað er stórkostleg tímaskekkja.




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

## Tindastóll fékk góðan liðsstyrk

**KÖRFUBOLTI** Danero Thomas skrifaði í gær undir eins árs samning við Tindastól en hann gengur til liðs við Stólana frá ÍR.

Danero var í lykilhlutverki hjá ÍR á nýafstöðnu tímabili er Breiðhyltingar féllur úr leik gegn Stólunum í undanúrslitum Domino's-deildarinnar.

Verður Tindastóll sjöunda félagið sem Danero leikur með á Íslandi en hann er með íslenskt ríkisfang og telst því ekki erlendur leikmaður. – **kpt**

## Axel valdi 21 manns hóp

**HANDBOLTI** Axel Stefánsson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í handbolta, tilkynnti í gær leikmannahópinn fyrir leiki gegn Tékklandi og Danmörku í undankeppni EM og æfingarleiki gegn Japan í Danmörku. Verða þetta seinustu leikir liðsins í undankeppninni þar sem Ísland er með eitt stig eftir fjóra leiki áður en æfingarleikirnir við Japan taka við.

Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir kemur aftur inn í landsliðið ásamt Steinunni Björnsdóttur en Birna Berg Haraldsdóttir dettur út úr hópnum vegna meiðsla. – **kpt**

## Eins dauði er annars brauð



**Rándýrt mark** Manolo Gabbiadini skoraði sigurmark Southampton gegn Swansea í gær en um leið komast hann langt með að tryggja veru Dýrlinganna í úrvalsdeildinni á næsta ári og sendi um leið West Brom niður í Championship-deildina eftir átta ára dvöl í ensku úrvalsdeildinni. Swansea á enn veika von um að bjarga sér en liðið þarf að treysta á úrslit úr öðrum leikjum um helgina til að halda sæti sínu í efstu deild. NORDICPHOTOS/GETTY

**Kjörfundur í Bolungarvík**

**Kjörfundur í Bolungarvík vegna almennra sveitarstjórnarkosninga laugardaginn 26. maí 2018 fer fram í Félagsheimili Bolungarvíkur við Aðalstræti 24.**

BOLUNGARVÍK

**Kjörfundur hefst kl. 10:00 árdegis og stendur til kl. 21:00 síðdegis.**

Kjósendur geta kosið utan kjörfundar á skrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar í Ráðhúsi Bolungarvíkur við Aðalstræti 10-12 á opnunartíma þjónustumiðstöðvar á virkum dögum frá kl. 10:00 til kl. 15:00 og hjá sýslumönnum.

Kjósendur geta kannað hvar þeir eru á kjörskrá á vefnum **www.kosning.is** og kjörskrá liggur frammi á bæjarskrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar að Aðalstræti 10-12 á afgreiðslutíma þjónustumiðstöðvar frá kl. 10:00 til kl. 15:00.

Viðmiðunardagur kjörskrár var 5. maí 2018. Flutningur lögheimilis eftir viðmiðunardag kemur ekki fram í kjörskrá.

Kjósandi skal gera grein fyrir sér á kjörfundi, svo sem með því að segja til sín og framvísa kennivottorði eða nafnskírteini, eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar.

Talning atkvæða fer fram að loknum kjörfundi í Félagsheimili Bolungarvíkur.

Kjörstjórn beinir þeim tilmælum til kjósenda að taka hvorki tölvur, síma, myndavélar eða annan upptökubúnað inn á kjörfund og það sama gildir um veski og handtöskur. Í boði verða viðeigandi geymslur fyrir kjósendur að varðveita þessa hluti meðan kosið er.

***Kjörstjórn Bolungarvíkur***
***8. maí 2018***

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe

SAFT

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

# Allt undir í Vallaskóla

**Selfoss og FH mætast í oddaleik um sæti í úrslitum Olís-deildar karla í kvöld. Leikirnir fjórir til þessa hafa verið jafnir og spennandi og stemningin góð.**

**HANDBOLTI** Það ræðst í kvöld hvort það verður Selfoss eða FH sem mætir ÍBV í úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta karla. Staðan í einvíginu er 2-2 en allir leikirnir hafa unnist á heimavelli.

Leikirnir fjórir hafa allir verið jafnir og úrslit tveggja þeirra hafa ráðist í framlengingu. Staðan í einvíginu, þegar úrslit leikjanna fjögurra eru lögð saman, er 141-138, FH-ingum í vil.

Mikil og góð stemning hefur verið á leikjunum í einvíginu og það verður væntanlega engin breyting þar á í kvöld. Leikurinn fer fram í íþróttahúsinu í Vallaskóla á Selfossi sem er langt því frá það stærsta á landinu. Þar er pláss fyrir 740 áhorfendur og seldist upp áður en forsalan hófst í gær. Verður sérstakt Fan-Zone sett upp í höllinni fyrir þá aðdáendur sem ekki fengu miða. .

„FH-ingar áttu rétt á því í oddaleik að fá helminginn af miðunum.“ segir Þórir Haraldsson, formaður handknattleiksdeildar Selfoss, í samtali við Fréttablaðið.

Bíóhúsið á Selfossi ætlar að koma til móts við þá sem fá ekki miða með því að sýna beint frá leiknum. Þar komast 118 manns fyrir. Í Kaplakrika koma svo iðkendur í yngri flokkum FH saman til að horfa á leikinn.

### Ótrúlegur Einar

Einar Sverrisson hefur farið hamförum í einvíginu gegn FH. Hann skoraði 11 mörk í fyrstu þremur leikjunum og í fjórða leiknum var hann með 13 mörk. Allt í allt hefur Einar því skorað 46 mörk í einvíginu og er að sjálfsögðu markahæsti leikmaður þess. Hann hefur nýtt 16 af 18 vítaköstum sem hann hefur tekið. Elvar Örn Jónsson hefur hins vegar haft nokkuð hægt um sig í einvíginu og aðeins skorað 12 mörk. Selfoss á hann því enn inni.

Selfyssingar voru klaufar að klára ekki einvígið í fjórða leiknum í Kaplakrika á laugardaginn. Þrátt fyrir það geta þeir ágætlega við unað að vera í þessari stöðu í ljósi þess hversu slök markvarslan hjá þeim hefur verið. Sölvi Ólafsson varði vel í þriðja leiknum en annars hefur markvarslan verið döpur.

### Vilja ekki kveðja í kvöld

Leikurinn í kvöld gæti verið síðasti leikur Gísla Þorgeirs Kristjánssonar í búningi FH, allavega í bili, en hann er sem kunnugt er á leið til þýska stórliðsins Kiel í sumar. Þrír aðrir lykilmenn FH fara einnig út í atvinnumennsku eftir tímabilið; Óðinn Þór Ríkharðsson, Ísak Rafnsson og Ágúst Elí Björgvinsson. Hvernig sem fer í kvöld, þá er ljóst að FH mætir með breytt lið til leiks á næsta tímabili.

Einvígið gegn Selfossi byrjaði skelfilega fyrir Gísla en hann fékk rautt spjald eftir aðeins 22 mínútur í fyrsta leiknum á Selfossi. Hann lét það ekki á sig fá og skoraði 13 mörk í öðrum leiknum í Krikanum. Í fjórða leiknum skoraði Gísli svo átta mörk og gaf 14 stoðsendingar.

Teitur Örn Einarsson gæti einnig leikið sinn síðasta leik fyrir Selfoss í kvöld en hann er búinn að semja við Svíþjóðarmeistara Kristianstad.

### Sá fyrsti í rúma tvo áratugi

Tuttugu og tvö ár eru síðan Selfoss lék síðast oddaleik í úrslitakeppni. Árið 1996 mætti Selfoss deildarmeisturum KA í oddaleik í 8-liða úrslitum og þurfti að sætta sig við tap, 27-21. Selfyssingar léku alls fimm oddaleiki í úrslitakeppninni á árunum 1992-96; unnu þrjá og töpuðu tveimur.

FH hefur leikið 15 oddaleiki frá því úrslitakeppnin var tekin upp 1992. Sigrarnir eru átta og töpin sjö. FH-ingar hafa hins vegar aðeins unnið einn af síðustu fimm oddaleikjum sínum. Sá sigur kom gegn Fram í undanúrslitum 2011, 32-21. FH varð Íslandsmeistari um vorið.

Selfoss og FH hafa aðeins einu sinni áður mæst í úrslitakeppninni. Það var í lokaúrslitum 1992 þar sem FH-ingar höfðu betur, 3-1. Þeir tryggðu sér titilinn með sigri í fjórða leik liðanna í Vallaskóla, 25-28.

Spilandi þjálfari FH á þessum tíma var Kristján Arason, faðir áðurnefnds Gísla Þorgeirs. Leikstjórnandi Selfoss var Einar Guðmundsson, íþróttastjóri HSÍ, þjálfari B-landsliðs karla og faðir Teits.

Árið 1992 er í eina skiptið sem Selfoss hefur komist í úrslit um Íslandsmeistaratitilinn. FH hefur hins vegar sex sinnum komist í úrslit. **ingvithor@frettabladid.is**

**»» Selfoss hefur ekki leikið oddaleik í úrslitakeppninni síðan 1996.**

**1**

**oddaleik af síðustu fimm hefur FH unnið.**

# Ojæja! Ekkert Ísland
í úrslitum, en ...

# -17 kr.

## Eurovision-afsláttur
af lítranum í dag fyrir Vinahópinn hjá
Olís og ÓB. Höfum gaman af 'essu!




**Vinahópurinn er vildarklúbbur lykil- og korthafa**
**Olís og ÓB. Kynntu þér Vinahópinn á olis.is**

Vinahópur
olís

PIPAR\TBWA



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Arnór Aðalsteinn Stígsson**

*húsgagnasmíðameistari, frá Horni,*

lést á hjúkrunarheimilinu Eyri á Ísafirði,
sunnudaginn 6. maí. Útförin fer fram frá
Ísafjarðarkirkju laugardaginn 12. maí kl. 11.

**Stígur Arnórsson** **Björk Helgadóttir**
**Svanfríður Arnórsdóttir**
**Elfa Dís Arnórsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Rannveig Ragnarsdóttir**

*Tjarnarlundi 13c, Akureyri,*

lést á heimili sínu sunnudaginn 6. maí.
Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju
þriðjudaginn 15. maí kl. 13.30.

**Ragnar Árnason** **Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Elín Una Friðfinnsdóttir**
**Erla Hrund Friðfinnsdóttir** **Páll Baldursson**
**Elsa B. Friðfinnsdóttir**
**Emil Friðfinnsson** **Sabine Friðfinnsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



Okkar ástkæra

**Anna Jóhannesdóttir**

(1924-2018)

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu
Grund í Reykjavík sunnudaginn
6. nóvember. Jarðarförin fer fram frá
Neskirkju þriðjudaginn 15. maí klukkan 13.

**Jónas Tómasson** **Sigríður Ragnarsdóttir**
**Jóhannes Tómasson** **Málfríður Finnbogadóttir**
**Haukur Tómasson** **Ragnheiður Elísdóttir**
**Guðrún Anna Tómasdóttir** **Leon van Mil**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Jóhanna Karlsdóttir**

*Víðihlíð 15, Sauðárkróki,*

verður jarðsungin frá Sauðárkróks-
kirkju laugardaginn 12. maí kl. 14.
Þeim sem vilja minnast hennar
er bent á líknarfélög.

**Karl Bjarnason**
**Grétar, Annika, Hanna Maja**
**Reynhildur**
**og aðrir aðstandendur.**



Elskulegur sambýlismaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir,
afi, langafi og langalangafi,

**Halldór Gunnar Pálsson**

*frá Hnífsdal,*

lést miðvikudaginn 18. apríl.
Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju
föstudaginn 11. maí kl. 13.00.

**Birna Sigurðardóttir**
**Ingimar Halldórsson** **Kristín Karlsdóttir**
**Páll Halldórsson** **Jóhanna Hafsteinsdóttir**
**Guðrún G. Halldórsdóttir** **Stefán Jónsson**
**Dagmar Halldórsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkær eiginmaður minn,

**Eyvindur Árnason Scheving**

er látinn.
Útför hans mun fara fram í Flórída,
BNA, þann 12. maí.

**Fyrir hönd fjölskyldu hans,**
**Ann Burfete Scheving**

# Svefn og næring eru grunnstoðir heilsunnar

**Svefn og næring eru tvær af helstu grunnstoðum heilsu ásamt hreyfingu og andlegri vellíðan, segja þær Erna Sif Arnardóttir, nýdoktor við læknadeild Háskóla Íslands, og Ingibjörg Gunnarsdóttur, prófessor í næringarfræði við skólann, en í hádeginu í dag munu þær halda erindi í fræðslufundaröðinni Háskólinn og samfélagið.**

Í fyrstu fundaröðinni er velferð barna og ungmenna í brennidepli og er röðin kynnt undir heitinu Best fyrir börnin. Þar er fjallað um ótal þætti sem snerta velferð barna og ungmenna, svo sem andlega líðan, hreyfingu, læsi og samskipti en í þetta skiptið eru svefn og mataræði í brennidepli – þættir sem skipta okkur öll miklu máli.

Í erindinu á miðvikudag ætlar Ingibjörg að fjalla um mikilvægi næringar, allt frá fósturskeiði til unglingsára, með áherslu á næringarefni sem tengjast þroska barna. Erna Sif ætlar hins vegar að fjalla um mikilvægi góðs svefns fyrir andlega og líkamlega heilsu barna. Hún ætlar að tala um samspil svefns og líkamsklukku sem hefur mikil áhrif á syfju og „sofnunartíma“.

„Farið verður yfir ýmis ráð til að hjálpa börnum og unglingum sem eiga erfitt með að sofna á kvöldin og að vakna snemma á morgnana. Unglingar eiga oft sérstaklega erfitt með þetta vegna náttúrulegrar seinkunar líkamsklukkunnar á þeim árum ævinnar,“ segir Erna Sif og bætir við að svefn og matur tengist meir en marga grunar enda hafi svefninn áhrif á fæðuval.

„Góður svefn skiptir miklu máli fyrir vöxt og þroska barna og svefn hefur meðal annars áhrif á hegðun, námsgetu og íþróttaárangur. Of stuttur svefn til lengri tíma og svefnvandamál á borð við kæfisvefn og miklar hrotur barna geta haft skaðleg áhrif á heilsu þeirra.“

Erna Sif segir að við sem samfélag getum gert margt til að bæta svefn barna og unglinga. Að hennar sögn er mjög mikilvægt að leiðrétta skakka staðarklukku á Íslandi. „Þegar við vöknum klukkan 7 á morgnana er sólarklukkan í raun 5.30 að morgni. Þetta veldur því að mörg ungmenni eiga erfitt með að sofna nógu snemma á kvöldin til að fá nægan nætursvefn og finnst erfitt að fara á fætur á morgnana. Einnig er hægt að seinka skólabyrjun til 9 eða 10 á morgnana hjá unglingum í takt við náttúrulega seinkaða líkamsklukku þeirra. Huga þarf að notkun snjalltækja fyrir svefntíma, koffíndrykkju og æfingatíma í íþróttum seint á kvöldin sem eru allt þættir sem valda því að börn og unglingar eiga erfitt með að sofna á kvöldin.“



**Erna Sif Arnardóttir, nýdoktor við læknadeild Háskóla Íslands, og Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor í næringarfræði við Háskólann.** MYND/KRISTINN INGVARSSON

Erna Sif segir að æfingar eldsnemma á morgnana geti einnig valdið verulegri skerðingu á svefntíma barna og mætti færa á annan tíma dags. „Loks má huga að notkun dagsbirtulampa yfir mesta vetrartímann til að hjálpa börnum og unglingum að stilla af líkamsklukkuna þegar lítillar náttúrulegrar birtu nýtur við.“ **benediktboas@frettabladid.is**



Innilegar þakkir fyrir sýnda samúð,
hlýhug og vináttu við andlát ástkærs
sonar okkar og bróður,

**Ólafs Kristins Þórðarsonar**

*Hátúni 10b, Reykjavík,*

sem lést að heimili sínu þann 26. apríl.
Útför hans hefur farið fram í kyrrþey.
Þeim sem vildu minnast hans er bent á SÁÁ.

**Þórður Gísli Ólafsson** **Jónína Sigurlaug Jónasdóttir**
**Kjartan Valur Þórðarson**
**Hjalti Jón Þórðarson**



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og vinur,

**Ketill Larsen**

*Tjarnarengi,*
*Þjóðhildarstíg 8, Reykjavík,*

sem lést þann 26. apríl, verður
jarðsunginn frá Dómkirkjunni
mánudaginn 14. maí kl. 13.

**Hólmfríður Þórunn Larsen** **Ugo Morelli**
**Sólveg Dögg Larsen** **Brynjar Hilmarsson**
**Ívar Helgi Larsen**
**Ólöf Benediktsdóttir og barnabörn.**



Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Tómas Guðmundsson**

*Hábergi 32,*

lést þann 16. apríl síðastliðinn.
Útförin hefur farið fram.
Sérstakar þakkir fá heimahlynning
líknardeildar Landspítalans og ættingjar
og vinir fyrir auðsýnda samúð.

**Ingibjörg Jónsdóttir**
**Sigrún Magnúsdóttir** **Sigurður Sigurðsson**
**Þórunn Tómasdóttir** **Kjartan Tryggvason**
**Guðmundur Tómasson** **Hlín Hlöðversdóttir**
**Tómas Gísli Tómasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu
okkur samúð, vináttu og hlýhug við
andlát okkar ástkæru móður, dóttur,
systur og mágkonu,

**Þóru Stephensen**

*aðstoðarskólastjóra.*

Einlægar þakkir færum við ennfremur þeim sem komu að
umönnun hennar og útför.

**Örvar Andrésson**
**Dagbjört Andrésdóttir**
**Þórir Stephensen** **Dagbjört G. Stephensen**
**Elín Stephensen**
**Ólafur Stephensen** **Ragnheiður D. Agnarsdóttir**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 9. maí 2018

18. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL






# Viljum vera best í breytingum

Framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka segir bankann ekki bera sig eingöngu saman við aðra íslenska banka þegar komi að stafrænni þjónustu. Bankinn vilji bera sig saman við bestu banka heims. Hún segir mikla kosti geta falist í nýjum reglugerðum Evrópusambandsins.

»8-9

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



»2

## Bandarískir sjóðir fjárfestu í Marel fyrir um 1,5 milljarða

Tveir fjárfestingarsjóðir í stýringu American Funds hafa eignast tæplega 0,6 prósenta hlut í Marel. Komu fyrst inn í hluthafahóp félagsins í síðasta mánuði.

»4

## Greiða hefði átt hraðar niður skuldir sveitarfélaga

Ríflega helming lækkunar á skuldahlutfalli sveitarfélaga frá árinu 2010 til þessa árs má rekja til vaxandi tekna. Breytist ytra umhverfi til hins verra myndi því hlutfallið rísa hratt á ný.

»10

## Kalda gjaldmiðlastríðið og Ísland

„Í talsverðan tíma hefur íslenski seðlabankinn verið þeirrar skoðunar að vaxtamunur við útlönd muni dragast saman „að utan“ sem myndi þá draga úr þörf fyrir innflæðishöft og frekari lækkun íslenskra vaxta. Fátt bendir til þess að það sé í kortunum,“ segir Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri hjá GAMMA, í aðsendri grein.



# Stracta Hótel er til sölu

Stracta Hótel, sem er alfarið í eigu Hreiðars Hermannssonar, er í söluferli. Hótelið er á Hellu og er með 166 herbergi. Hótelreksturinn og fasteignirnar eru til sölu.

Hreiðar segir í samtali við Markaðinn að hann hafi varið miklum tíma í að byggja upp reksturinn, hann sé kominn „á fínan stað“ og því skynsamlegt að huga að sölu. „Stracta Hótel á mikið inni. Það liggur einnig fyrir möguleiki á stækkun upp í 340 herbergi. Slík stækkun er mjög spennandi.“

Hótelið var opnað árið 2014. Hreiðar staðfestir að uppbyggingin á þeim tíma hafi kostað 1,7 milljarða króna.

Ólafur Sörli Kristmundsson, framkvæmdastjóri Brandsvik sem annast söluferlið, segir í samtali við Markaðinn að vöxtur Stracta hafi verið mikill frá því að hótelið var opnað. Veltan í fyrra hafi numið tæplega 750 milljónum króna og áætlanir geri ráð fyrir því að veltan verði 850 í ár. Það geri um 13% vöxt. Árið áður hafi vöxturinn numið um 20%. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta hafi verið tæplega 200 milljónir króna í fyrra og áætlað sé að sá hagnaður verði rúmlega 300 milljónir í ár. Nýtingarhlutfallið hafi aukist úr 56% árið 2016 í 65% árið 2017 sem sé í takt við nýtinguna á Suðurlandi. Hreiðar segist reikna með að vöxturinn í ár verði knúinn áfram af auknum umsvifum í veitingasölu, sölu á afþreyingu auk þess sem herbergjum fjölgaði lítillega í ár.

„Þetta er ein besta staðsetningin á landinu fyrir hótel. Stór hluti ferðamanna kemur til að sjá náttúruna; fossa, jökla og svartar strendur. Frá Hellu er stutt í helstu náttúruperlur eins og Skógarfoss, Landmannalaugar og Gullfoss og Geysi auk Vestmannaeyja sem heilla alla sem þangað koma.

Eftir gengisstyrkingu krónu vilja ferðamenn helst ekki keyra langar vegalengdir til að draga úr kostnaði og nýta tímann betur því þeir dvelja skemur á landinu og við höfum markvisst náð að lengja dvöl okkar gesta frá því við opnuðum,“ segir Hreiðar. **– hvj**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is









**Hlutabréfaverð í Marel hefur hækkað um liðlega 20 prósent það sem af er þessu ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bandarískir sjóðir keyptu í Marel fyrir um 1.500 milljónir

**Tveir sjóðir í stýringu American Funds hafa eignast tæplega 0,6 prósenta hlut í Marel. Komu fyrst inn í hluthafahóp félagsins í síðasta mánuði.**

Tveir fjárfestingarsjóðir í stýringu American Funds, dótturfélags bandaríska eignastýringarfyrirtækisins Capital Group, keyptu nýlega í Marel fyrir tæplega 1.500 milljónir króna miðað við núverandi gengi hlutabréfa félagsins. Samkvæmt lista yfir alla hluthafa Marels í gær, sem Markaðurinn hefur séð, eiga sjóðirnir samanlagt 3,85 milljónir hluta í félaginu, eða sem nemur um 0,56 prósenta eignarhlut.

Þannig á hlutabréfasjóðurinn SMALLCAP World Fund rúmlega 2,9 milljónir hluta í Marel í dag á meðan sjóðurinn American Fund Insurance Series fer með liðlega 928 þúsund hluti í félaginu. Samkvæmt heimildum Markaðarins komu sjóðirnir fyrst inn í hluthafahóp Marels í síðasta mánuði en það var Arion banki sem hafði milligöngu með kaupum þeirra á bréfum í félaginu. Bandaríska fyrirtækið Capital Group, eitt stærsta og elsta eignastýringarfyrirtæki í heiminum, er samtals með eignir í stýringu að jafnvirði um 1,7 þúsund milljarða Bandaríkjadala.

Núverandi eignarhlutur bandarísku sjóðanna skilar þeim ekki á opinberan lista yfir tuttugu stærstu hluthafa Marels. Eini erlendi fjárfestirinn í þeim hópi er bandaríska fyrirtækið MSD Partners, sjöundi stærsti hluthafi félagsins með 3,34 prósenta eignarhlut, sem kom inn í hluthafahóp Marels í febrúar í fyrra þegar það keypti hlut af Eyri Invest. Hlutabréfaverð Marels hefur hækkað um liðlega tuttugu prósent á þessu ári og miðað við núverandi gengi bréfa félagsins, sem er 383 krónur á hlut, nemur markaðsvirði þess um 282 milljörðum króna.

**282**

**milljarðar króna er markaðsvirði Marels miðað við núverandi gengi bréfa félagsins.**

Afkoma fyrirtækisins undanfarin misseri hefur verið afar góð. Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs námu tekjur Marels rúmlega 288 milljónum evra og jukust þær um 14 prósent á milli ára. Þá var hagnaður félagsins fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) 55,3 milljónir og hækkaði um meira en níu milljónir evra frá sama tíma á árinu 2017. Pantanabókin er einnig í hæstu hæðum og námu nýjar pantanir á fyrsta fjórðungi 329 milljónum evra og jukust um 12 prósent frá fyrra ári. Stendur pantanabók Marels því núna í 529 milljónum evra. Fram hefur komið í uppgjörstilkynningum félagsins að það stefnir að 12 prósenta meðalvexti árlega yfir tímabilið 2017 til 2026.

Marel tilkynnti í byrjun árs að það áformaði að kanna möguleika á skráningu í kauphöll erlendis en fyrirtækið er langsamlega stærsta skráða félagið í Kauphöllinni hér á landi. Í kjölfarið var STJ, óháð alþjóðlegt ráðgjafarfyrirtæki, ráðið til að greina mögulega skráningarkosti Marels.

Stærsti eigandi Marels, með tæplega 26 prósenta hlut, er fjárfestingarfélagið Eyrir Invest, en það er að mestum hluta í eigu feðganna Þórðar Magnússonar, stjórnarformanns Eyris Invest, og Árna Odds Þórðarsonar, forstjóra Marels, og Landsbankans. Aðrir helstu eigendur Marels eru íslenskir lífeyrissjóðir, með samanlagt um 36 prósenta hlut, en í þeim hópi eru Lífeyrissjóður verslunarmanna, Gildi og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins umsvifamestir í hluthafahópi félagsins. **hordur@frettabladid.is**

# Útlánavöxtur til ferðaþjónustunnar dróst mikið saman frá miðju ári 2017

Útlán viðskiptabankanna þriggja til fyrirtækja í ferðaþjónustu jukust um 20 prósent á milli ára. Lánin námu 212 milljörðum króna við árslok 2017. Útlánavöxturinn hefur dregist mikið saman frá miðju ári 2017 samhliða minnkandi vexti atvinnugreinarinnar. Þetta kemur fram í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins.

Útlán viðskiptabankanna til fyrirtækja í ferðaþjónustu námu um 15,2 prósentum af útlánum þeirra til fyrirtækja. Útlán með veði í hótelbyggingum jukust um 46 prósent frá árinu 2015 til 2017. Útlánin námu 144 milljörðum króna við lok síðasta árs, að því er fram kemur í skýrslunni.

Útlán bankanna til bílaleiga námu 42,1 milljarði króna á miðju ári 2017 en drógust saman á síðustu sex mánuðum ársins 2017 og voru 34,5 milljarðar í lok árs 2017. Það er 18 prósenta samdráttur.

Helsti áhættuþátturinn í útlánasafni viðskiptabankanna að mati FME eru lán með veði í atvinnuhúsnæði. Slík lán námu 574 milljörðum króna við lok síðasta árs. Í ársskýrslunni segir að raunverð verslunar- og skrifstofuhúsnæðis sé nú orðið hærra en það var við topp hagsveiflunnar árið 2007.

Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir í ársskýrslunni, að heildarendurskoðun á evrópska regluverkinu í kjölfar fjármálakreppunnar sé að mestu leyti lokið. Verulegur uppsafnaður upptökuhalli sé hérlendis á evrópska regluverkinu varðandi fjármálamarkaði. Það muni gera það að verkum að á næstu misserum og árum verði áframhald á örri þróun laga og reglna á fjármálamarkaði. Hallinn stafi af því að hérlend stjórnvöld hafi ekki gert nægar ráðstafnir til að mæta fjölda og umfangi Evrópulöggjafar og -reglugerða. **– hvj**

**Útlán viðskiptabankanna þriggja með veði í hótelbyggingum**

Tölur eru í milljörðum






brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050
volvocars.is

# Greiða hefði átt hraðar niður skuldir

**Ríflega helming lækkunar á skuldahlutfalli sveitarfélaga frá árinu 2010 til þessa árs má rekja til vaxandi tekna. Breytist ytra umhverfi til hins verra myndi því hlutfallið rísa hratt á ný. Uppsveifla síðustu ára var ekki nýtt sem skyldi til að styrkja fjárhag sveitarfélaganna.**

Verði viðsnúningur á því hagstæða ytra umhverfi sem sveitarfélög landsins hafa búið við undanfarin ár getur skuldastaða þeirra hæglega breyst til hins verra og hlutfall skulda af tekjum risið á ný. Ef tekjur sveitarfélaganna drægjust saman um fimmtung myndi skuldahlutfall þeirra hækka úr 122 prósentum í 153 prósent og verða þannig um fimmtungi hærra en það var á góðærisárunum frá 2002 til 2007.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í nýrri greiningu Samtaka atvinnulífsins á fjármálum sveitarfélaganna sem kynnt verður á fundi samtakanna með oddvitum stærstu stjórnmálaflokkanna í Reykjavík í Gamla bíói í dag.

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, segir uppsveiflu síðustu ára ekki hafa verið nýtta sem skyldi til þess að styrkja stöðu sveitarfélaganna. Eftir undraverðan vöxt síðustu ára geti stjórnmálamenn ekki lengur gengið að því vísu að tekjur vaxi áfram með sama hraða.

„Það veldur vonbrigðum að ekki hafi verið meiri afgangur af rekstri sveitarfélaganna til að greiða hraðar niður skuldir í þessari miklu efnahagsuppsveiflu og einna lengsta samfellda hagvaxtarskeiði Íslandssögunnar,“ segir hún. Lukkan geti snúist skyndilega og því sé það ábyrgðarhluti að nýta góða tíma til þess að styrkja fjárhagsgrundvöll sveitarfélaganna.

Samtökin benda á að ríflega helmingur lækkunar á skuldahlutfalli sveitarfélaganna, bæði A- og B-hluta, frá árinu 2010 til þessa árs – en hlutfallið hefur farið úr 222 prósentum árið 2010 í 122 prósent á þessu ári – sé kominn til vegna vaxandi tekna. Hinn helminginn megi rekja annars vegar til gengisstyrkingar krónunnar, en stór hluti skulda B-hluta fyrirtækja sveitarfélaga er í erlendri mynt, og hins vegar niðurgreiðslu skulda. Lægra gengi krónunnar myndi því auka erlendar skuldir og minni tekjur sveitarfélaga hækka skuldahlutfallið, að sögn samtakanna.

Í greiningu samtakanna er tekið fram að frá árinu 2011 hafi tekjur A-hluta sveitarfélaga, sem eru að meginþorra útsvar og fasteignaskattar, aukist um 296 milljarða króna á föstu verðlagi en þar af hafi 170 milljörðum, eða um 57 prósentum tekjuaukans, verið ráðstafað í aukinn launakostnað. Um 27 prósent af tekjuaukanum hafi farið í annan rekstrarkostnað. Samtökin segja það vekja sérstaka athygli að þrátt fyrir gífurlegan tekjuvöxt hafi einungis tólf prósent aukinna tekna skilað sér í bættri afkomu sveitarfélaganna.




Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, segir það ábyrgðarhluta að nýta góða tíma til að greiða niður skuldir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Þróun hámarksútsvars**
(%)




*Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, Alþingi*

**Hlutfall heildarskulda af tekjum sveitarfélaga**
(%) skuldir og skuldbindingar að frádregnum veltufjármunum




*Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, útreikningar efnahagssviðs SA.*

### Vaxandi skattheimta

Skattheimta á sveitarstjórnarstigi hefur á undanförnum árum vaxið töluvert umfram það sem getur réttlæst af auknum lögbundnum verkefnum sveitarfélaga, að því er fram kemur í greiningunni. Bent er á að flest sveitarfélög landsins hafi útsvarsprósentu sína í leyfilegu hámarki, 14,52 prósentum, en hún hefur nær tvöfaldast frá árinu 1993.

Stærstur hluti hækkunarinnar er kominn til vegna yfirfærslu á málefnum grunnskóla og fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga en þó má fjórðung hennar rekja til annarra almennra hækkana, að sögn samtakanna.

Er jafnframt bent á að nú sé svo komið að sveitarfélög taka til sín og ráðstafa um fimmtungi af öllum opinberum tekjum og um 14 prósent opinberra skulda hvíli auk þess á sveitarfélögunum.

### 170 milljarða fjárfestingarþörf

Samtökin áætla að sveitarfélög landsins þurfi að fjármagna að hluta eða öllu leyti um 170 milljarða króna fjárfestingar á komandi árum. Verulega hafi dregið úr fjárfestingum sveitarfélaga í kjölfar fjármálahrunsins árið 2008 en þær hafa, sem hlutfall af landsframleiðslu, verið í sögulegu lágmarki síðustu ár.

**57%**
**af tekjuauka sveitarfélaga frá árinu 2011 hefur verið ráðstafað í aukinn launakostnað.**

Þannig hafi mikil fjárfestingarþörf byggst upp. Samkvæmt nýlegu mati Samtaka iðnaðarins er nauðsynlegt viðhald sem sveitarfélögin þurfa að standa straum af metið á 100 milljarða króna. Tekur það til framkvæmda við vatnsveitu, úrgangsmál, vegi og fasteignir. Eru þá ótaldir ríflega 70 milljarðar króna sem að mestu leyti munu leggjast á sveitarfélögin vegna framkvæmda á hitaveitum, fráveitum og höfnum.

Ásdís segir að á sama tíma og mikil fjárþörf blasi við vegna nauðsynlegra framkvæmda leyfi fjárhagsstaða sveitarfélaganna ekki aukna skuldsetningu. „Ljóst er því að talsverðar áskoranir eru fram undan, auka þarf afgang af reglulegum rekstri og forgangsraða til mikilvægra verkefna. Einnig þarf að horfa til annarra lausna og er vert að líta til aukinnar aðkomu einkaaðila að ákveðnum verkefnum.“

Ræða þurfi þessar áskoranir raunhæft með hliðsjón af því að sveitarfélögin þurfi að sinna brýnum framkvæmdum og þjónustu án þess að fara skuldum hlaðin inn í næstu efnahagslægð. kristinningi@frettabladid.is




# Valitor tapaði 565 milljónum króna

Greiðslukortafyrirtækið Valitor, sem er í eigu Arion banka, tapaði 565 milljónum fyrir skatta á fyrsta fjórðungi ársins. Til samanburðar skilaði félagið 76 milljóna króna hagnaði á sama tíma í fyrra.

Fram kemur í árshlutareikningi Arion banka, sem birtur var í síðustu viku að rekstrartekjur Valitors hafi numið 1.271 milljón króna á fyrstu þremur mánuðum þessa árs borið saman við 1.681 milljón á fyrsta fjórðungi síðasta árs. Þá námu rekstrargjöld kortafyrirtækisins 1.872 milljónum króna á fyrsta fjórðungi ársins en þau voru 1.578 milljónir króna á sama tíma í fyrra.

Eignir Valitors námu auk þess 39.483 milljónum króna í lok marsmánaðar borið saman við 43.294 milljónir á sama tíma á síðasta ári. Heildarskuldir félagsins voru 23.573 milljónir króna í lok síðastliðins mars en þær voru 18.899 milljónir króna í lok mars á síðasta ári.



Viðar Þorkelsson, forstjóri kortafyrirtækisins Valitors. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eins og greint var frá í Markaðinum í síðustu viku skilaði Valitor Holding um 1.483 milljóna króna rekstrartapi í fyrra og jókst það um rúmlega 1.070 milljónir á milli ára. Þá var afkoma greiðslukortafyrirtækisins fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta neikvæð um 648 milljónir, sem er meðal annars tilkomið vegna 275 milljóna einskiptiskostnaðar, miðað við EBITDA-hagnað upp á 416 milljónir á árinu 2016.

Í fimm ára áætlun fyrirtækisins er gert ráð fyrir að það skili rekstrarhagnaði innan fáeinna ára. – kij


UPPSELT Í STÚKU
FOREIGNER
LAUGARDALSHÖLL | 18. MAÍ 2018
I WANT TO KNOW WHAT LOVE IS • COLD AS ICE
WAITING FOR A GIRL LIKE YOU • URGENT
SAY YOU WILL • DOUBLE VISION • JUKE BOX HERO
EKKI MISSA AF ÞESSU
MIÐASALA Í FULLUM GANGI Á MIDI.IS
/ FOREIGNER Á ÍSLANDI
VÍKING BRUGGHÚS
Vista Expo

# Kosið um þjóðpeningakerfi í Sviss

**Svisslendingar munu í næsta mánuði kjósa um hvort koma eigi á fót þjóðpeningakerfi í landinu. Ef tillagan verður samþykkt verður bönkum bannað að „búa til“ peninga með lánveitingum. Seðlabankinn og fjármálastofnanir landsins segja tillöguna hættulega.**

Skoðanakannanir benda til þess að róttækri tillögu um að svissneskum bönkum verði bannað að „búa til“ peninga með lánveitingum sínum verði hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss í næsta mánuði. Seðlabankinn og helstu fjármálastofnanir landsins leggjast eindregið gegn því að tillagan verði samþykkt.

Í nýlegri skoðanakönnun svissneska ríkisfjölmiðilsins SRF sögðust 35 prósent aðspurðra vera fylgjandi tillögunni en rétt tæplega helmingur, 49 prósent, sagðist vera henni mótfallinn. Sextán prósent aðspurðra voru óákveðin, að því er fram kemur í umfjöllun Financial Times um málið.

Thomas Jordan seðlabankastjóri hefur sagt að „þjóðpeningakerfið“ svonefnda, betur þekkt sem Vollgeld, sem kosið verður um 10. júní næstkomandi, sé „óþörf og hættuleg tilraun sem mun valda hagkerfinu okkar miklum skaða“.

Hugmyndin um þjóðpeningakerfið, sem snýr að því að færa útgáfu peninga frá viðskiptabönkum til seðlabanka, hefur notið vaxandi stuðnings í Sviss, sem og víðar um heim, í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar á árunum 2007 og 2008. Bankastarfsemi er ein helsta undirstaða efnahagslífs Svisslendinga en talið er að hún standi undir um tíu prósentum af landsframleiðslunni.

Hópurinn sem stendur að baki tillögunni um þjóðpeningakerfið safnaði eitt hundrað þúsund undirskriftum og gat því lögum samkvæmt knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um málið.

Fylgjendur tillögunnar segja að fáir almennir borgarar séu meðvitaðir um getu hefðbundinna viðskiptabanka til þess að „búa til“ peninga. Í stað þess að auka peningamagnið í takt við vöxt og þarfir hagkerfisins hafi bankar hingað til aukið peningamagnið stjórnlaust og magnað þannig efnahagssveiflur með tilheyrandi tjóni fyrir samfélagið. Breyta þurfi grunnhlutverki banka og fela seðlabönkum að stýra því peningamagni sem er í umferð hverju sinni.

Þegar bankar lána peninga til fólks eða fyrirtækja búa þeir til innistæðu í banka lántakans og skapa þannig nýtt fé sem lántakinn getur ráðstafað að vild. Þannig búa bankar í reynd til ígildi peninga með lánveitingum sínum. Tillagan sem Svisslendingar munu kjósa um felur í sér að þetta kerfi, sem hefur verið kallað brotaforðakerfið, verði afnumið og þess í stað verði það eingöngu á færi seðlabanka að búa til peninga. Bankar þyrftu þannig vissulega að finna aðrar leiðir, til dæmis að fá lán hjá Seðlabanka Sviss, til þess að fjármagna lánveitingar sínar en afleiðingin yrði stöðugra fjármálakerfi, að mati stuðningsmanna tillögunnar.




**Seðlabanki Sviss leggst eindregið gegn því að þjóðpeningakerfinu svonefnda verði komið á fót. Svisslendingar kjósa um málið 10. júní.** NORDICPHOTOS/GETTY

### Ríkisinngrip án fordæma

Andstæðingar tillögunnar, með seðlabankastjórann fremstan í flokki, telja hana hins vegar fela í sér ríkisinngrip sem eigi sér ekki fordæmi í svissneskri hagsögu. Peningakerfið muni stórhækka verð á lánsfé og stuðla að aukinni verðbólgu.

Jordan seðlabankastjóri segir að á undanförnum árum hafi verið stigin veigamikil skref til þess að skjóta styrkari stoðum undir fjármálakerfið. Með upptöku þjóðpeningakerfisins yrði þessum árangri varpað fyrir róða. Hann varar jafnframt við því að „nota svissneska banka sem tilraunamiðstöð“ í þessum efnum.

Hagfræðingar hafa einnig bent á að samkvæmt viðurkenndum kenningum geti seðlabanki stýrt peningamálum í brotaforðakerfi með stýritækjum sínum, það er annað hvort með stýringu peningamagns eða stýringu vaxta, til þess að ná markmiði um stöðugt verðlag. Þó svo að viðskiptabankar geti prentað peninga séu þeir engu að síður háðir stuðningi seðlabanka heimsins sem veita þeim meðal annars nær ótakmarkað aðgengi að lausu fé. Hafi bankarnir farið ótæpilega með prentunarvald sitt í aðdraganda kreppunnar sé það vegna þess að þeir hafi notið fulls stuðnings seðlabanka við þá prentun.

Reinhold Harringer, einn stuðningsmanna þjóðpeningakerfisins, segist ekki vera vondaufur þrátt fyrir að fleiri landar hans vilji hafna tillögunni en samþykkja hana. Hann sakar andstæðingana um að skapa „rugling“ á meðal kjósenda. Þegar þeir kynni sér málið betur muni þeir skilja röksemdirnar að baki tillögunni. **kristinningi@frettabladid.is**

## Vildi skoða þjóðpeningakerfið betur

Frosti Sigurjónsson, fyrrverandi þingmaður og formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, lagði til í skýrslu sem hann skrifaði í mars 2015 að unnin yrði ítarleg greining á því hvort þjóðpeningakerfi væri raunhæfur kostur hér á landi. Í skýrslunni sagði að flest benti til þess að slíkt kerfi gæti verið góður grunnur að endurbótum á peningakerfi landsins.

Skýrslan var unnin að beiðni þáverandi forsætisráðherra, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Hagfræðingarnir Davíð Stefánsson og Kristrún Mjöll Frostadóttir, sem sátu í starfshópi forsætisráðherra um skipan peningamála undir forystu Frosta, sögðu sig úr hópnum eftir að Frosti gerði efnislegar breytingar á skýrslunni sem þau gátu ekki sætt sig við. Var Frosti því skrifaður einn fyrir umræddri skýrslu.

Í niðurstöðukafla skýrslunnar segir Frosti ljóst að innlánsstofnanir hafi aukið peningamagn margfalt hraðar en hagkerfið þolir. Afleiðingarnar – verðbólga, gengisfellingar, eignabóla og bankakreppa – hafi valdið þjóðinni gríðarlegu tjóni. Lagði hann til að peningamyndun yrði færð frá bönkum til Seðlabankans. Seðlabankinn myndi þá „skapa peninga í nægu magni til þess að mæta þörfum vaxandi hagkerfis, að teknu tilliti til markmiðs um stöðugt verðlag“.

# Virði óbeins hlutar í HS Veitum jókst um fjórðung

Virði eignarhlutar tryggingafélagsins TM í HSV eignarhaldsfélagi, sem heldur utan um ríflega 34 prósenta hlut í HS Veitum, jókst um fjórðung í bókum félagsins á fyrsta fjórðungi ársins. Er hluturinn nú metinn á 928 milljónir króna en áður var virði hans 744 milljónir.

Eignarhluturinn í HSV er þriðja stærsta fjárfestingareign tryggingafélagsins.

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM, sagði á kynningarfundi í tilefni af fjórðungsuppgjöri félagsins í gær að gert hefði verið nýtt verðmat á umræddum eignarhlut á fyrsta fjórðungi ársins en síðasta verðmat var gert á þriðja ársfjórðungi 2016.



**Sigurður Viðarsson, forstjóri TM.**

Óskráð hlutabréf í eigu tryggingafélagsins skiluðu 3,3 prósenta ávöxtun á fyrstu þremur mánuðum ársins en hún var einkum komin til vegna hlutarins í HS Veitum og Eyrir Invest, stærsta hluthafa Marels.

Óbeinn eignarhlutur félagsins í Stoðum er sem fyrr langsamlega stærsta eign þess en hluturinn var metinn á 2.148 milljónir króna í lok mars. Stoðir hafa sem kunnugt er selt allan 8,9 prósenta hlut sinn í drykkjaframleiðandanum Refresco fyrir um 144 milljónir evra.

Aðspurður á fundinum hvort tryggingafélagið mætti búast við að fá yfir tvo milljarða í hendurnar sagði Sigurður ekki víst að fjárhæðin yrði öll greidd út. Það yrði að koma í ljós. **– kij**

# Nýttu sér forkaupsrétt að bréfunum

Fjárfestingarfélagið Tækifæri hefur ákveðið að nýta sér forkaupsrétt að tæplega þriggja prósenta hlut í Jarðböðunum við Mývatn. Eftir viðskiptin á félagið ríflega 43 prósenta eignarhlut í baðstaðnum sem er metinn á um 1.950 milljónir króna.

Forkaupsrétturinn virkjaðist í vetur þegar gert var tilboð í um 6,5 prósenta hlut Skútustaðahrepps og nokkurra minni hluthafa í Jarðböðunum. Hlutirnir voru settir í söluferli í janúar, sem fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hafði umsjón með, en stjórn Tækifæris samþykkti að nýta sér forkaupsréttinn í síðasta mánuði.

Tækifæri, sem er stærsti hluthafi Jarðbaðanna, átti í lok síðasta árs 40,6 prósenta hlut í félaginu sem metinn var á liðlega 1.827 milljónir króna. Fram kemur í nýbirtum ársreikningi Tækifæris að umrætt virðismat byggi á tilboðinu sem gert var í áðurnefndan 6,5 prósenta eignarhlut í febrúar síðastliðnum. Telur fjárfestingafélagið viðskiptin besta tiltæka mælikvarðann á gangvirði eignarhlutarins í árslok 2017.



**Jarðböðin við Mývatn hafa notið vaxandi vinsælda.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eins og fram kom í Markaðinum í síðustu viku voru Jarðböðin metin á um 4,5 milljarða króna um síðustu áramót og jókst virði þeirra um 1,3 milljarða eða ríflega 40 prósent í fyrra. Til samanburðar var baðstaðurinn metinn á um 900 milljónir í lok árs 2014.

Tækifæri er sem fyrr segir stærsti hluthafi Jarðbaðanna en aðrir hluthafar eru meðal annars félag í eigu Bláa lónsins og Landsvirkjun.

Um 220 þúsund manns heimsóttu baðstaðinn í fyrra. **– kij**

# Fólk
## Heimili

MIÐVIKUDAGUR 9. MAÍ 2018



Músíkalskt par leggur að sjálfsögðu eitt herbergi alveg undir tónlist. Hér má sjá Heiðu og Snorra að störfum. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Músíkalskt og heimakært par

Músíkalska parið Snorri Snorrason og Heiða Ólafsdóttir eiga fallegt heimili í Kópavoginum. Uppáhaldsstaðurinn er stóra borðstofuborðið þar sem þau halda oft matarboð en matseld er eitt af áhugamálum þeirra. →2

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMA-STARFINU?

Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS job.is

**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@frettabladid.is



Snorri og Heiða hafa verið saman í rúm fjögur ár og hafa búið saman nánast frá því þau byrjuðu saman. „Við erum mjög samhent og líður afskaplega vel saman. Við eigum einn dásamlegan gutta sem er rúmlega tveggja og hálfs árs og heitir einmitt líka Snorri Snorrason. Svo átti Snorri fyrir þrjá dásamlega drengi sem eru orðnir stórir, Alexander Leó, 22 ára, og tvíburana Mikael og Gabríel, sem eru tvítugir.“

Heiða starfar sem flugfreyja hjá Icelandair ásamt því að syngja út um allar trissur og Snorri er tónlistarmaður og upptökustjóri og er með síðuna fjarupptökur.is. „Við erum bæði mjög heimakær, eigum reyndar vel saman á mjög margan hátt. Okkur líður best þegar við getum notið samveru með fjölskyldu og vinum sem við reynum að gera eins oft og hægt er.“

Þegar þau eru heima er matur og eldamennska í fyrirrúmi. „Við erum bæði miklir áhugakokkar og sameinumst vel í eldhúsinu og finnst gaman að prófa nýjar uppskriftir. Matur og að elda er eitt af áhugamálum okkar þannig að við verjum miklum tíma í það og eldum mikið saman,“ segir Snorri og Heiða bætir við: „Uppáhaldseldhúsáhaldið mitt er fagurrauða KitchenAid-hrærivélin sem Snorri gaf mér í afmælisgjöf fyrir þremur árum og hún er mikið notuð.“

Uppáhaldsstaðurinn á heimilinu er stórt og stækkanlegt borðstofuborð sem þau völdu einmitt með tilliti til eldamennskuáhugans. „Við erum oft með matarboð og vildum þess vegna geta stækkað borðið en svo sitjum við líka mikið þar og spjöllum, eigum stefnumótakvöld heima þar sem við eldum góðan mat, prófum nýja rétti, gerum upp daginn og auðvitað plönum næstu skref í tónlistinni.“

Þau viðurkenna að tónlistarherbergið sé líka í uppáhaldi. „Þar tökum við upp hugmyndir og pælum í tónlistinni okkar. Þegar við erum heima erum við mest að elda og grúska í tónlistinni okkar.“ Annað sem er í miklu uppáhaldi hjá þeim er plötusafn sem faðir Snorra skildi eftir sig en hann lést árið 2007. „Hann var mikill músíkspekúlant og og átti ógrynni af plötum sem við fáum að njóta. Sonur okkar hefur mjög gaman af þeim en hann er líka mikill músíkáhugamaður eins og foreldrarnir.“

Það er ýmislegt skemmtilegt á döfinni hjá Snorra og Heiðu í tónlistinni. „Við bjuggum okkur til Facebook-síðu fyrir skömmu sem heitir Topplögin með Snorra og Heiðu þar sem við gerum okkar útgáfur af þekktum slögurum úr öllum áttum og núna erum við á fullu í gömlum Eurovision-lögum og lögum sem hafa keppt í Söngvakeppninni í gegnum tíðina. Þar er sko aldeilis af nægu að taka en við erum búin að velja úr lög sem við flytjum á Hard Rock í kvöld ásamt æðislegri hljómsveit, þar sem Þórir Úlfarsson leikur á píanó, Pétur Valgarð á gítar, Ólafur Þór Kristjánsson á bassa og Þorvaldur Ingveldarson er á trommunum. Við fáum líka þrjá gestasöngvara með okkur, þau Dag Sigurðsson, Ernu Hrönn og Siggu Eyrúnu en þau hafa öll keppt í Söngvakeppninni og eru bara öll svo æðisleg.

Við byrjum á slaginu tíu og erum hrikalega spennt og lofum því að gestir fara glaðir heim. Svo erum við alltaf að semja líka og þau lög fá vonandi að líta dagsins ljós í komandi framtíð líka.“



Í stofunni prýða myndir af syninum veggina og þar verja heimakærir löngum stundum í að hlusta á tónlist og velta fyrir sér líðandi stund og framtíðinni.




Plötusafn sem faðir Snorra skildi eftir sig er í miklu uppáhaldi en þar má meðal annars finna fjársjóði eins og þessa smáskífu með Gleðibankanum en Snorri og Heiða munu flytja Eurovision-lög á Hard Rock í kvöld ásamt góðum gestum.

> **Þegar við erum heima erum við mest að elda og grúska í tónlistinni okkar.**
> Heiða Ólafsdóttir og Snorri Snorrason




Tónlistin er stór þáttur í lífi Snorra og Heiðu og þau verja miklum tíma saman í að hlusta á tónlist og taka upp.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI
HAFÐU SAMBAND
INFO@HUSAVIDGERDIR.IS
SÍMI 565-7070
Finndu okkur á Facebook

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# TIL HAMINGJU
## MEÐ DRAGHÁLS 18-26



**VIÐ BJÓÐUM VIÐSKIPTAVINI OKKAR VELKOMNA Í NÝTT OG GLÆSILEGT HÚSNÆÐI. HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG**

TAKK hreinlæti

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

eXpert

netsöfnun.is

ÍSLEIFUR JÓNSSON

eXpert kæling



**Sigurður Samúelsson**
Lögg. fast. og eigandi
sigurdur@landmark.is
sími 896 2312



**Þórarinn Thorarensen**
Sölustjóri og eigandi
th@landmark.is
sími 770 0309



**Þórey Ólafsdóttir**
Lögg. fast. og eigandi
thorey@landmark.is
sími 663 2300



**Andri Sigurðsson**
Lögg. fast. og eigandi
andri@landmark.is
sími 690 3111



**Sveinn Eyland**
Lögg. fast og eigandi
sveinn@landmark.is
sími 690 0820



**Kristján Ólafsson**
Löggiltur fast.
kol@landmark.is
sími 512 4900



**Nadia Katrín Banine**
Löggiltur fast.
nadia@landmark.is
sími 692 5002



**Ingibjörg A. Jónsdóttir**
Löggiltur fast.
inga@landmark.is
sími 897 6717



**Eggert Maríuson**
Löggiltur fast.
eggert@landmark.is
sími 690 1472



**Jóhanna Gustavsdóttir**
Löggiltur fast.
johanna@landmark.is
sími 698 9470



**Helga Snorradóttir**
Skrifstofa/skjalavinnsla
landmark@landmark.is
sími 512 4900



**Guðrún D. Lúðvíksdóttir**
Skrifstofa/ í námi til lögg.
gudrun@landmark.is
sími 512 4900



**Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir**
Löggiltur fast.
asdis@landmark.is
sími 895 7784

LANDMARK
FASTEIGNASALA

# NÝTT Á SKRÁ & OPIN HÚS   LANDMARK LEIÐIR ÞIG HEIM

**LANDMARK FASTEIGNASALA | HLÍÐASMÁRA 2 (6. HÆÐ) | 201 KÓPAVOGUR | SÍMI: 512 4900 | LANDMARK.IS**

## VINDAKÓR 8, ÍB.410 – 203 KÓP




**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAG 9. MAÍ KL.16:00-16:30**
- Fimm herb., 150 fm íbúð á 4.hæð
- Fjögur svefnherb., rúmg.stofur
- Baðherb., m/sturtu & baðkari
- Þvottaherb., innan íbúðar
- Lyftuhús & stæði í bílgeymslu
- **LAUS TIL AFHENDINGAR**
- **V. 61,9 millj.**

**Sveinn s. 6900.820**

## ÁSAKÓR 1, ÍB.203 – 203 KÓP




**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAG 9. MAÍ KL.17:00-17:30**
- Fjögurra herb., alls 157 fm íbúð á 2.hæð
- Þrjú svefnherb., rúmg.stofa, opið eldhús
- Rúmgóðar suður-svalir
- Rúmgott baðherb. / þvottaherb., innan íbúðar
- Bílskúr með íbúð sem er 20.5 fm
- **LAUS TIL AFHENDINGAR**
- **V. 59,9 millj.**

**Sveinn s. 6900.820**

## LEIFSGATA 21 – 101 RVK




**BÓKIÐ SKOÐUN**
- Frábær fyrstu kaup eða útleigueign
- Eignin er 55fm 2ja herb.íbúð & 35fm stúdíóíbúð
- Bílskúr er innréttaður sem stúdíóíbúð / verönd
- Íbúð er herb. góð stofa og baðherbergi
- Snyrtileg sameign, 4 íbúðir í stigahúsi
- **LAUS TIL AFHENDINGAR**
- **V. 44,5 millj.**

**Sveinn s. 6900.820**

## AUSTURKÓR 98 – 203 KÓP.




**BÓKIÐ SKOÐUN.**
- Fallega nýja þriggja herbergja 134,1 FM. íbúð á fyrstu hæð með miklu útsýni í þriggja hæða húsi með lyftu, tvær verandir, öll rými rúmgóð.
- Íbúðin skilast fullbúin með gólfefnum.
- Afhending við kaupsamning.
- **V. 59,9 millj.**

**Þórarinn s. 770-0309**

## GOÐHEIMAR 23 – 104 RVK.




**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 13. MAÍ KL. 15:00 – 15:30**
- Sérlega fallega og bjarta 135,8 fm. sérhæð, frábær staðsetning.
- 3 rúmgóð svefnherbergi og 2 rúmgóðar stofur.
- Baðherbergi nýlega standsett.
- Möguleiki að hafa 2 salerni. Góðar suðursvalir.
- Stutt í alla þjónustu og skóla.
- **V. 62,9 millj.**

**Þórarinn s. 770-0309**

## ÁLFABORGIR 7 – 112 RVK.




**BÓKIÐ SKOÐUN**
- Einstaklega fallega og bjarta 3ja herbergja 85,7 fm. íbúð á 3. hæð mér sérinngang af svölum.
- Frábært útsýni. Eignin er nýlega viðgerð og máluð að utan.
- Stórar suðursvalir. Stutt í alla þjónustu í Spönginni.
- Skóli og leikskóli í göngufæri.
- **V. 37,9 millj.**

**Þórarinn s. 770-0309**








**7 EIGNIR EFTIR**

- Bjartar og vel skipulagðar 2ja – 4ra herb. íbúðir á góðum stað.
- Íbúðirnar eru 68.8 – 128.4 fm, stæði í bílgeymslu með meirihluta íbúða.
- Íbúðir eru afhentar fullbúnar án aðalgólfefna í júní / ágúst 2018
- Sérinngangur og sérafnotareitur með íbúðum á jarðhæð.
- Rúmgóðar suður-svalir með íbúðum á hæðum.
- Húseignir eru klæddar að utan og því viðhaldslitlar, lyfta er í stærra húsi.
- Vaxandi hverfi í Mosfellsbæ.

**Verð kr. 33.5 – 49.9. millj.**

**Byggingaraðili NÝ-HÚS byggingarverktakar**



**LANDMARK FASTEIGNASALA | HLÍÐASMÁRA 2 (6. HÆÐ) | 201 KÓPAVOGUR | SÍMI: 512 4900 | WWW.LANDMARK.IS**



Iða Brá segir að þegar komi að stafrænum lausnum beri Arion banki sig ekki eingöngu saman við aðra banka hér á landi. „Við horfum mikið til útlanda og fylgjumst með því hvernig öflugustu bankar og tæknifyrirtæki heims eru að bregðast við þessu breytta umhverfi. Kínverjar standa til að mynda afar framarlega í þessum málum. Við viljum bera okkur saman við þá allra bestu.“ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Vilja bera sig saman við bestu bankana

**Framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka segir mikla kosti geta falist í nýjum reglugerðum Evrópusambandsins. Áfram verði það verkefni bankans að bjóða bestu lausnirnar. Hún segir bankann ekki enn hafa fundið fyrir mikilli samkeppni úr nýjum áttum. „Ekki borðleggjandi“ að miklar breytingar verði á starfsemi bankans í kjölfar skráningar á markað.**



Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is

Iða Brá Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka, segist líta jákvæðum augum á þær breytingar sem munu fylgja nýjum reglugerðum Evrópusambandsins um greiðsluþjónustu og persónuvernd. Bankinn sé vel í stakk búinn til þess að bregðast við þeim.

„Upplýsingar eiga að vera nýttar til þess að gera gagn fyrir viðskiptavini. Ef viðskiptavinir kjósa svo verður hægt að veita þeim klæðskerasniðna þjónustu með því að nota gervigreind sem er byggð á gögnum um þá. Í því geta falist miklir kostir, bæði fyrir viðskiptavininn og banka,“ segir hún í viðtali við Markaðinn.

Vitundarvakning hafi auk þess átt sér stað á meðal almennings, meðal annars í kjölfar hneykslisins í kringum Cambridge Analytica og Facebook, um hver búi yfir persónugreinanlegum upplýsingum um fólk. Fólki sé ekki sama um hver hafi aðgang að slíkum upplýsingum.

„Það á auðvitað eftir að koma í ljós hver raunin verður en bankar eru góðir í að vernda upplýsingar sem þessar og ég held að fólk átti sig á því.“

Talið er að innleiðing umræddra reglugerða, PSD2 og GDPR, í íslenskan rétt samhliða örri þróun stafrænnar tækni muni gerbreyta umhverfi íslensks fjármálamarkaðar og leiða til byltingar í fjármálaþjónustu áður en langt um líður. Íslensku viðskiptabankarnir, þar á meðal Arion banki, standa frammi fyrir mikilli áskorun enda eru tekjur af viðskiptabankastarfsemi hátt í 90 prósent af heildartekjum þeirra. Þannig sagði Friðrik Þór Snorrason, forstjóri Reiknistofu bankanna, í samtali við Markaðinn síðasta haust að breytingarnar væru „mikil ógn við þá banka sem munu sitja með hendur í skauti“.

„Ég tel að við séum vel undir þetta búin,“ segir Iða Brá. Hún var ráðin framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka síðasta sumar eftir að hafa stýrt fjárfestingarbankasviði bankans frá febrúar 2016. Hún hefur starfað hjá bankanum og forverum hans allt frá árinu 1999.

„Hvað varðar PSD2-reglugerðina,“ útskýrir Iða Brá, „þá mun hún greiða fyrir aðgang annarra fyrirtækja að bankaupplýsingum þannig að til dæmis ung fjártæknifyrirtæki eða tæknirisar á borð við Google munu mögulega geta nýtt sér slíkar upplýsingar. Þá verður það okkar verkefni að bjóða bestu lausnirnar svo að viðskiptavinirnir vilji vera áfram hjá bankanum.“

Persónuverndarreglugerðinni, sem tekur gildi 25. maí næstkomandi, sé fyrst og fremst ætlað að vernda viðskiptavinina og þjónusta þá betur. Þeir muni fá ákvörðunarvald yfir því hver notar fjárhagsupplýsingar um þá.

## Bankinn tekinn í gegn

Iða Brá segir að innan bankans hafi verið ákveðið að byrja að vinna samkvæmt hugmyndafræði straumlínustjórnunar árið 2012.

„Síðan þá hefur bankinn verið tekinn í gegn, ef svo má segja, en við fundum á þeim tíma að umhverfið var að breytast hratt og töldum því mikilvægt að bankinn gæti brugðist við því. Við vissum ekki hvernig umhverfið myndi breytast. Aðeins að fram undan væru miklar breytingar. Við einsettum okkur því að verða best í að breytast. Í þessu felst meðal annars áhersla á stöðugar umbætur, að gera stöðugt betur í dag en í gær. Þessi vinna hefur gengið vel og hjálpað okkur að takast á við breytta tíma. En eftir því sem innleiðingunni vatt fram förum við að taka eftir hraðari og örari breytingum á markaðinum en áður. Breyttu viðhorfi neytenda gagnvart bankaþjónustu, lög og reglur tóku miklum breytingum og ný tækni fór að ryðja sér til rúms.

Við töldum bankann þurfa að marka sér stefnu vegna þessara miklu breytinga í umhverfinu og settum okkur það markmið fyrir um tveimur árum að Arion banki yrði fremsti stafræni bankinn á Íslandi. Við vissum að það tækist ekki nema við myndum grípa til róttækra aðgerða og innleiða breytta hugsun innan bankans. Þar kom sú menning sem við höfðum innleitt í bankanum og byggir á straumlínustjórnun sér vel. Við höfum stutt dyggilega við frumkvöðlaumhverfið hér á landi í gegnum tíðina, meðal annars með viðskiptahröðlunum Startup Reykjavík og Startup Energy Reykjavík, og ákváðum að horfa sérstaklega til þeirrar reynslu, læra af íslenskum frumkvöðlum og temja okkur þeirra hugsun,“ útskýrir Iða Brá.

> **Ef viðskiptavinir kjósa svo verður hægt að veita þeim klæðskerasniðna þjónustu með því að nota gervigreind sem er byggð á gögnum um þá.**

Sett hafi verið upp þverfagleg teymi innan bankans sem samanstanda af starfsfólki af ólíkum sviðum, til dæmis forriturum, fólki í viðskiptaumsjón og framlínu, lögfræðingum og svo framvegis, sem allir hverfa frá sínum hefðbundnu störfum á meðan á verkefninu stendur, en hvert og eitt teymi hefur sextán vikur til þess að þróa stafræna þjónustu. Fyrsta stafræna lausnin var kynnt sumarið 2016 en alls hefur bankinn nú kynnt fimmtán slíkar lausnir.

Sem dæmi um lausnir bankans mætti nefna sjálfvirkt greiðslumat, stafrænt ferli íbúðalána, bílaléna og „Núlána“, greiðsludreifingu korta í appi og netbanka, nýtt ferli við stofnun viðskipta við bankann og sölu og stofnun korta og reikninga á netinu, svo eitthvað sé nefnt.

„Þessar stafrænu lausnir eru liður í því að mæta breyttum tímum og einfalda viðskiptavinum okkar lífið með því að bjóða þeim þægilega bankaþjónustu,“ nefnir Iða Brá. „Við viljum valdefla okkar viðskiptavini, eins og við köllum það, og gera þá betur í stakk búna til þess að taka upplýstar ákvarðanir um sín eigin fjármál.“

Hún segir að í þessum efnum beri bankinn sig ekki endilega eingöngu saman við aðra banka hér á landi. „Við horfum mikið til útlanda og fylgjumst með því hvernig öflugustu bankar og tæknifyrirtæki heims eru að bregðast við þessu breytta umhverfi. Kínverjar standa til að mynda afar framarlega í þessum málum. Við viljum bera okkur saman við þá allra bestu.“

Ánægjulegt sé hversu góðar viðtökur stafrænu lausnirnar hafi fengið, ekki aðeins hér á landi, heldur einnig erlendis. Bankinn var nýverið tilnefndur til verðlauna í fimm flokkum fyrir byltingarkenndustu nýjungarnar á fjármálamarkaði af Retail Banker International en úrslitin verða tilkynnt 10. maí.

## Neytendur verði á varðbergi

Víða erlendis hafa ýmis fyrirtæki, svo sem tæknifyrirtæki, sótt af krafti inn á markaði sem bankar hafa hingað til setið einir að. Iða Brá segir bankann ekki enn hafa fundið fyrir mikilli samkeppni úr nýjum áttum. „Það eru ákveðin fyrirtæki hér heima sem eru að keppa á ákveðnum syllum. Hins vegar er enginn sem veitir þessa alhliða fjármálaþjónustu eins og bankarnir gera. Enn sem komið er hefur þessum fyrirtækjum ekki tekist að breyta landslaginu hér á landi en

landslagið erlendis hefur hins vegar breyst með tilkomu lausna á borð við Apple Pay og Alipay. Við eigum eftir að sjá hvernig markaðurinn hér þróast en það má alveg búast við breytingum í samræmi við það sem er að gerast um allan heim.“

*Gætuð þið hugsað ykkur að starfa með fjártæknifyrirtækjum eins og sums staðar þekkist?*

„Já, það kemur vel til greina og það höfum við gert. Við eigum í góðu samstarfi við Meniga og fleiri fyrirtæki. Fyrir tveimur árum stóðum við fyrir svokölluðu „Fin-Tech Party“ þar sem forriturum var boðið að hanna lausnir sem myndu vinna með okkar kerfum og upplýsingarnar sem þar eru. Það var mjög skemmtileg tilraun og alveg í anda PSD2-reglugerðarinnar. Hjá fjártæknifyrirtækjum er hraðinn mikill og frumkvöðlahugsun ríkjandi og við höfum lagt áherslu á að tileinka okkur það til þess að geta gert hlutina sjálf hratt, á hagkvæman hátt og boðið þannig góð verð. Við viljum í raun geta gert bæði, þ.e. gert hlutina sjálf og þegar við sjáum hag í samstarfi við aðra fyrir okkar viðskiptavini þá verður það skoðað.“

Nokkur fyrirtæki hafa undanfarið látið til sín taka á markaði fyrir neytendalán. Iða Brá segir bankann hafa brugðist við samkeppninni með því að byrja að veita svokölluð „Núlán“ sem eru að hennar sögn í raun gömul lán í nýjum búningi, en umsókn lánanna og undirritun lánasamnings og fylgiskjala er með rafrænum hætti sem gerir mögulegt að samþykkja og greiða lánin út innan örfárra mínútna. „Ákvörðunin um hvort veita eigi umsækjanda lán er að hluta til byggð á gervigreind en bankinn tekur ákvörðunina út frá gögnum sem hann býr yfir um viðkomandi sem og lánshæfismati hans. Og því betra sem lánshæfismatið er, því betri verða lánskjörin.

Við teljum okkur hafa sett okkur ábyrga stefnu í þessum efnum. Það er algjört lykilatriði. Það skiptir miklu máli að neytendur séu vel á verði og skoði vel kostnaðinn sem felst í ólíkum lánum. Ég hef smá áhyggjur af því að margir kanni það ekki nægilega vel. Það er mikilvægt að efla fjármálalæsi í landinu þannig að fólk þekki grunnhugtök á borð við árlega hlutfallstölu kostnaðar og geti borið ólík lán saman.“

## Ný íbúðalán nær tvöfölduðust í fyrra

Þrátt fyrir harða samkeppni við lífeyrissjóði segir Iða Brá bankann hafa aukið við hlutdeild sína á íbúðalánamarkaði þegar komi að nýjum lánum. Sem dæmi hafi vöxtur í lánum til einstaklinga verið nær eingöngu í íbúðalánum á síðasta ári. Iða Brá nefnir að þar skipti mestu máli sú skjóta þjónusta sem viðskiptavinir fái þegar þeir sækja um íbúðalán hjá bankanum.

Bankinn er með stærstu hlutdeildina á íbúðalánamarkaði að Íbúðalánasjóði undanskildum.

„Við fundum umtalsvert fyrir sókn lífeyrissjóðanna á þennan markað fyrir um einu til tveimur árum en eftir að við kynntum stafrænu lausnirnar okkar hefur hlutdeild okkar stækkað og eftirspurnin stóraukist. Til dæmis jukust ný íbúðalán hjá okkur um allt að 100 prósent í fyrra.

Samkeppnin við lífeyrissjóðina er að mörgu leyti ójöfn vegna þess að við þurfum að greiða álag – bankaskattinn svonefnda – en sjóðirnir ekki. Skatturinn gerir það að verkum að við getum ekki keppt við lífeyrissjóðina í verði en við getum hins vegar keppt við þá þegar kemur að þjónustu. Og það höfum við sannarlega gert. Viðskiptavinir okkar geta til að mynda fengið fullgilt greiðslumat á þremur mínútum, en áður gat það tekið tvær til þrjár vikur að fá slíkt mat. Það munar um minna. Fólk vill að hlutirnir gangi hratt fyrir sig.“

**14%**

**fækkun varð á heimsóknum í útibú Arion banka í fyrra.**

### Aðrar áherslur í útibúunum

Miklar breytingar hafa sem kunnugt er orðið á útibúaneti Arion banka á undanförnum árum. Iða Brá segir útibúin ekki vera á útleið. Þau séu hins vegar að breytast. „Það er fátt í bankaþjónustu sem nú er ekki hægt að gera með stafrænum hætti. Til framtíðar verður lögð áhersla á að veita fyrst og fremst dýpri fjármálaráðgjöf og fræðslu í útibúunum.“

Að hennar sögn er nú svo komið að langflestar snertingar við viðskiptavini, ef svo má að orði komast, eða um 96 prósent á síðasta ári, eru í gegnum stafrænar leiðir á borð við app, netbanka og hraðbanka. „Á sama tíma hefur heimsóknum í útibú snarfækkað en þeim fækkaði alls um 14 prósent í fyrra. Við höfum því dregið úr yfirbyggingu og fækkað fermetrum í útibúanetinu samhliða því að auðvelda viðskiptavinum að afgreiða sig sjálfir þegar kemur að þjónustu sem þeir þurftu áður að sækja í útibú eða þjónustuver bankans,“ nefnir hún og bætir við:

„Við opnuðum síðasta haust nýtt gjaldkeralaust útibú í Kringlunni sem endurspeglar að mörgu leyti þessar breytingar. Þar prófum við nýjar tæknilausnir, eins og til dæmis svonefndan fjarfundabúnað, og sinnum viðskiptavinum með öðrum hætti en við höfum áður gert í útibúum okkar. Við kennum þeim á stafrænu lausnirnar okkar en ef þeir vilja fá dýpri ráðgjöf geta þeir fengið viðtal við fjármálaráðgjafa í gegnum fjarfundabúnað. Við nýtum einnig útibúið til alls kyns fræðslufunda. Útibúið er eins konar tilraunaútibú. Þær lausnir sem fá þar góðar viðtökur verða innleiddar í önnur útibú.

Við ætlum okkur að vera áfram með kjarnaútibú í stærstu byggðakjörnum landsins, þrjú slík eru á höfuðborgarsvæðinu og nokkur minni útibú þar sem hægt verður að sinna einfaldari málum. Útibúin verða því áfram hluti af okkar þjónustu þó svo að áherslurnar þar verði aðrar.“

Útibú bankans um allt land hafa í gegnum tíðina veitt litlum og meðalstórum fyrirtækjum hina ýmsu fjármálaþjónustu. Mikill vöxtur hefur verið í útlánum til fyrirtækja á síðustu árum en Iða Brá segir að fyrirtæki geti nú stofnað til viðskipta við bankann með rafrænum hætti á aðeins örfáum mínútum. „Í stað þess að stjórnarmenn fyrirtækja þurfi, sem dæmi, að mæta í útibúið og skrifa undir skjöl er það nú gert með rafrænum skilríkjum. Það auðveldar margt.“

Aðspurð hvort sameining útibúa hafi bitnað á markaðshlutdeild bankans í fyrirtækjalánum, sér í lagi á landsbyggðinni, segir hún svo ekki hafa verið. Bankinn hafi fremur sótt í sig veðrið, sér í lagi í krafti stafrænu lausnanna. „Við höfum heldur ekki sameinað mörg útibú á landsbyggðinni. Mesta sameiningin hefur verið á höfuðborgarsvæðinu.“

### Býst ekki við miklum breytingum

Aðspurð segist Iða Brá ekki eiga von á því að miklar breytingar verði á starfsemi og skipulagi viðskiptabankastarfseminnar þegar nýtt og virkara eignarhald kemst á bankann verði hann skráður á markað.

Eins og greint var frá í Markaðinum í síðustu viku er áformað að útboð og í framhaldi tvíhliða skráning bankans á Íslandi og í Svíþjóð fari fram í fyrri helmingi júnímánaðar. Hyggst stærsti hluthafi bankans, Kaupþing, selja stóran hlut, mögulega um 30 prósent, en félagið á ríflega 55 prósenta hlut í bankanum.

„Verkefni okkar verður áfram að leita leiða til þess að gera hlutina á sem hagkvæmastan máta,“ segir hún. „Það hefur gengið vel hjá okkur. Við höfum styrkt stöðu okkar á öllum vígstöðvum, kynnt fjölmargar stafrænar lausnir og tekið starfsemina hér innanhúss að miklu leyti í gegn. Það á eftir að koma í ljós en mér finnst það ekki borðleggjandi að það verði miklar breytingar,“ segir Iða Brá.





ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar. Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

# Skotsilfur

## Hættur hjá GAMMA



**Leó Hauksson,** sem hafði starfað í rúmlega tvö ár hjá GAMMA Capital Management á sviði sölu og viðskiptaþróunar, lét af störfum hjá fjármálafyrirtækinu í lok síðasta mánaðar. Áður en Leó var ráðinn til GAMMA hafði hann verið hjá Straumi fjárfestingarbanka um fjögurra ára skeið, síðast sem framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar. Þykir mörgum líklegt að næsti áfangastaður Leós verði fjárfestingarbankasvið Arion banka sem er í dag stýrt af Lýði Þorgeirssyni, fyrrverandi samstarfsfélaga hans hjá GAMMA.

## Ragnar í bæjarpólitíkina



**Ragnar Árnason,** prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, hefur hellt sér út í bæjarpólitíkina á Seltjarnarnesi en hann skipar fimmta sætið á lista nýs framboðs í bænum, Fyrir Seltjarnarnes. Um er að ræða klofningsframboð úr Sjálfstæðisflokknum, sem hefur ráðið lögum og lofum í bæjarfélaginu í áratugi, en forsvarsmenn framboðsins, sem eru miklir frjálshyggjumenn, hafa lýst megnri óánægju með stefnu Sjálfstæðismanna í bænum. Skafti Harðarson er oddviti framboðsins en á framboðslistanum má, auk Ragnars, meðal annars finna Arnar Sigurðsson, fjárfesti og víninnflytjanda með meiru.

## Ásgeir til Korta



**Ásgeir Sigurður Ágústsson,** sem hefur starfað sem lögmaður á lögmannsstofunni Logos frá árinu 2011, hefur verið ráðinn yfirlögfræðingur Kortaþjónustunnar. Umtalsverðar breytingar hafa orðið á yfirstjórn færsluhirðingarfyrirtækisins eftir að gengið var frá sölu þess til hóps fjárfesta, sem leiddur var af Kviku fjárfestingarbanka, á aðeins eina krónu í nóvember í fyrra. Björgvin Skúli Sigurðsson var ráðinn forstjóri, Gísli Heimisson forstöðumaður hugbúnaðarsviðs, og Sigurhjörtur Sigfússon fjármálastjóri, svo dæmi séu nefnd. Ásgeir útskrifaðist með mastersgráðu frá Háskólanum í Reykjavík árið 2009 og hlaut réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 2011.

# Hlutabréf Air France í frjálsu falli



Hlutabréf franska flugfélagsins Air France hríðféllu í verði eftir að forstjórinn Jean-Marc Janaillac tilkynnti um afsögn sína á mánudag. Afsögnin kom í kjölfar þess að meirihluti starfsmanna félagsins hafnaði nýjum kjarasamningi en verkfall þeirra hefur staðið yfir í meira en tvær vikur. Bruno Le Maire, efnahagsráðherra Frakklands, hefur sagt hættu á því að félagið „hverfi“ takist því ekki að bæta samkeppnishæfni sína. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Kalda gjaldmiðlastríðið og Ísland



**Agnar Tómas Möller**
framkvæmdastjóri Sjóða hjá GAMMA

Hugtakið „kalt gjaldeyrisstríð“ (e. currency cold war) hefur talsvert verið í umræðunni undanfarin misseri á erlendum mörkuðum þar sem Bandaríkin annars vegar og ríki Evrópu, Japan og einkum Kína hins vegar eigast við í baráttu um að veikja gjaldmiðla sína með óbeinum aðgerðum (þ.e. ekki beinum gjaldeyrisinngripum) með það að markmiði að bæta samkeppnishæfni útflutnings og, sérstaklega í tilviki Bandaríkjanna, draga úr viðskiptahalla við önnur ríki.

Óhætt er að segja að Bandaríkin hafi verið í hlutverki „árásaraðilans“ og orðið vel ágengt með aðgerðum sem einkum snúa að fjárlagahliðinni en á árinu 2017 veiktist Bandaríkjadalur um 10% gagnvart vegnu meðaltali helstu mynta. Þrátt fyrir að vera með talsvert hærri vexti en flest önnur þróuð ríki, hefur dollarinn veikst vegna hækkunar ríkisútgjalda (og samhliða stækkun fjárlagahallans og hraðri aukningu í útgáfu ríkisskuldabréfa) á toppi hagsveiflunnar en einnig vegna þess að Seðlabanki Bandaríkjanna hefur talað um að líta fram hjá mögulega hærri verðbólgu en sem nemur verðbólgumarkmiði og virðist tregur í taumi að opna á mögulega meiri vaxtahækkanir en hann hefur áður gefið til kynna.

Hingað til hafa seðlabankar annarra ríkja gert lítið til að bregðast við breyttri stefnu Bandaríkjanna; þvert á móti hafa evrópski og japanski seðlabankinn dregið úr skuldabréfakaupum og sá evrópski meira að segja gefið til kynna að hann yrði ekki lengur nettó kaupandi að skuldabréfum í árslok. Á seinustu vikum hafa hins vegar orðið nokkrar breytingar þar á. Á nýlegum vaxtaákvörðunarfundi Seðlabanka Evrópu kvað við mýkri tón vegna vísbendinga um að hægja taki á efnahagslífinu í Evrópu, einkum í Þýskalandi, og flestar væntingavísitölur úr viðskiptalífinu virðast vera staðnaðar eða á niðurleið. Í nýlegu viðtali talaði japanski seðlabankastjórinn um að bankinn gæti hugsanlega náð verðbólgumarkmiði sínu, og þá farið að draga úr örvun peningastefnunnar, á næstu fimm árum! Í ljósi veikra talna úr bresku efnahagslífi hellti breski seðlabankastjórinn köldu vatni á væntingar um að bankinn myndi hækka stýrivexti á næstunni og í Kína kom seðlabankinn markaðsaðilum á óvart með því að lækka bindiskyldu þarlendra banka.

En önnur undirliggjandi ástæða, og ekki síður mikilvæg, fyrir þessum samtíma breytingum eru viðbrögð við verndarstefnu Bandaríkjanna sem kann að leiða til tollastríðs og mögulega draga úr hagvexti á heimsvísu. Útflutningur Bandaríkjanna er umtalsvert minni en innflutningur, á móti Kína er hlutfallið næstum 3 á móti 1, og ljóst að önnur ríki eru að jafnaði líkleg til að fara verr en Bandaríkin út úr slíkum átökum. Með því að ýta væntum vaxtahækkunum lengra út í framtíðina geta ríkin dregið úr mögulegum áhrifum hækkunar tolla á útflutning með stuðningi við útflutningsgreinar í gegnum lægri vexti og veikari gjaldmiðla. Viðbrögðin hafa ekki látið á sér standa; síðasta vika var hin besta fyrir dollarann frá því Trump varð Bandaríkjaforseti (þótt sú þróun sé honum varla að skapi) og hefur hann nú styrkst um rúm 4% á tveimur vikum gagnvart evrunni.

Eftir snarpa hækkun vaxta á skuldabréfamörkuðum á þessu ári hefur hækkun 10 ára vaxta í Evrópusambandinu, Bretlandi og Japan, að mestu leyti gengið til baka undanfarið. Hækkun 10 ára vaxta í Bandaríkjunum er enn umtalsverð á árinu, nú lítillega undir 3%, en ávöxtunarkúrfan hefur hins vegar verið að fletjast út. Munur á 2 ára og 10 ára vöxtum er nú um 0,45%, sem endurspeglar þá skoðun markaða að fyrirhugaðar vaxtahækkanir bandaríska seðlabankans muni kæla hagkerfið og að framtíðarvextir verði því litlu hærri en langtímavextir eru í dag, eða nálægt þremur prósentum.

Íslenskt vaxtastig mun ekki fara varhluta af þessari þróun. Í talsverðan tíma hefur íslenski seðlabankinn verið þeirrar skoðunar að vaxtamunur við útlönd muni dragast saman „að utan“ sem myndi þá draga úr þörf fyrir innflæðishöft og frekari lækkun íslenskra vaxta. Fátt bendir til þess að það sé í kortunum. Þvert á móti hafa langtímavextir verið í hækkunarfasa hér undanfarnar vikur og mánuði, og vaxtamunur því að hækka. Það verður því áhugavert að heyra hver sýn Seðlabanka Íslands verður á þessa þróun á vaxtaákvörðunarfundi bankans í næstu viku.

# Vaskurinn – breytingar



**Vala Valtýsdóttir**
lögmaður hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur og FKA-félagskona.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til breytinga á lögum um virðisaukaskatt.

**Fjölmiðlar**
Sú sérkennilega staða hefur verið til langs tíma að sala fréttablaða hefur verið í tveimur skatthlutföllum. Fyrirhugaðar breytingar eru því sérstaklega til höfuðs þeim mismun skattlagningar eftir formi, s.s. sölu fréttablaða á rafrænu formi eða á pappírsformi. Í frumvarpinu segir m.a að gera þurfi skýran greinarmun á þeirri starfsemi fjölmiðla sem sinnir lýðræðis- og menningarlegu hlutverki og hins vegar á annarri starfsemi þeirra eða annarra aðila sem felst í miðlun efnis í afþreyingarskyni eftir pöntun, svokallaðri VOD-þjónustu (e. Video-on-demand). Síðan segir að tilgangurinn með þessum mismun sé að stuðla eigi að eflingu á fréttum og fréttatengdu efni, verndun íslenskunnar o.fl. Þannig er mismunandi vsk. eftir því hvort þú kaupir íslenska þáttagerð í áskrift eða með VOD. Þessi rökstuðningur er alveg óskiljanlegur þar sem einnig er hægt að kaupa íslenskt efni á VOD-leigum.

**Innskattur af fólksbifreiðum ferðaþjónustunnar**
Sanngirnisrök eru fyrir því að heimila þennan innskatt – enda eru þessar bifreiðar notaðar til fólksflutninga á ferðamönnum sem er ávallt virðisaukaskattsskylt.

**Sala á þjónustu til erlendra aðila**
Tillagan er sú að sala á þjónustu til erlends fyrirtækis verður óskattskyld. Í dag skiptir máli hvar þjónustan er nýtt sérstaklega hvað varðar óskattskylda kaupendur. Til að skýra þetta frekar myndi breytingin leiða til þess t.d. að ef íslensk lögfræðistofa selur þjónustu til dansks fyrirtækis vegna innheimtu á kröfu á íslenskan aðila yrði slík þjónusta óskattskyld. Í dag skiptir máli hvort kaupandinn gæti talið vsk. af kaupunum til innskatts, en það skiptir þá ekki lengur máli. Þannig verða kaup t.d. erlendra banka, tryggingafélaga og annarra aðila sem eru undanþegnir virðisaukaskatti á þjónustu íslenskra aðila ávallt án virðisaukaskatts.

**Litið til OECD og ESB**
Í greinargerð með frumvarpinu er sérstaklega minnt á samræmi við OECD og ESB. Síðan segir að lögð sé áhersla á að bregðast við þeim lagabreytingum um virðisaukaskatt sem hafa verið innleiddar undanfarið í helstu viðskiptalöndum okkar. Ekki er alveg ljóst hvað átt er við með þessum athugasemdum því t.d. hafa Danir farið aðra leið. Samkvæmt dönsku vsk. lögunum ber t.d. danskri lögfræðistofu að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu veittri íslenskum banka vegna kröfu á danskan aðila; þar sem þjónustan er nýtt í Danmörku. Ef aftur á móti kaupandinn er innan ESB er almennt enginn skattur þar sem kaupandinn er ábyrgur. Hér er ólíku saman að jafna við íslenskt umhverfi enda sérreglur í gildi á innri markaði ESB.

# ERT ÞÚ MEÐ BAKVERKI?

## FAGAÐILAR MÆLA MEÐ WAGNER



**VIÐ FRAMLENGJUM AFMÆLISGLEÐINNI!**

**-30% af öllum vörum**

**25 ára afmælis-tilboð**

WAGNER
ERGOMEDIC 100-2

wagner

EINU STÓLARNIR MEÐ

Dondola®

**360°**

VELTITÆKNI

FAGAÐILAR MÆLA MEÐ WAGNER

SJÚKRAÞJÁLFUN ÍSLANDS

Elís Þór Rafnsson
sjúkraþjálfari

KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS

# Hirzlan

25 ára

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN – MEÐ ÞÉR Í 25 ÁR

Síðumúla 37, 108 Reykjavík. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is. www.hirzlan.is

MYNDFORM GRAFÍK

MARKAÐURINN
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 9. maí 2018

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
frettabladid.is
Instagram fréttablaðsins
@frettabladid

## Hagnaður Skakkaturnsins tvöfaldast milli ára

Hagnaður Skakkaturnsins, dreifingaraðila Apple á Íslandi, tvöfaldaðist á milli ára og nam 244 milljónum króna árið 2017. Tekjurnar jukust um 57 prósent á milli ára og námu 4,1 milljarði króna í fyrra. Arðsemi eigin fjár nam 48% og eiginfjárhlutfallið var 44%. Eigið fé félagsins var 627 milljónir króna við árslok. Þrátt fyrir aukin umsvif fækkaði stöðugildum um fimm, í 29. Ekki verður greiddur arður í ár. Guðni Rafn Eiríksson keypti meirihluta í félaginu við lok árs 2016. Í kjölfarið settist hann í stól framkvæmdastjóra. Bjarni Ákason og Valdimar Grímsson, sem seldu honum hlutinn, eiga áfram hlut í Skakkaturninum. Bjarni situr í stjórn félagsins. – **hvj**



**Guðni Rafn Eiríksson.**

**26.04.2018**

**Það hefur margsannað sig að meðaltöl og hagtölur og framsetningar sem settar hafa verið fram af OECD geta verið meingallaðar.**

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR



## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Snjallt PR

**Miðborgin** gengur gegnum endurnýjun lífdaga þessi misserin og verður vart þverfótað fyrir byggingakrönum. Ekki er hægt að neita því að ásýnd borgarinnar hefur batnað mikið og er þar að stórum hluta hægt að þakka ferðamannaflaumnum. Ferðamennirnir smyrja ekki bara hagkerfið heldur heimsækja einnig verslanir, veitingahús, söfn og gististaði og valda því að aukinn markaður er fyrir metnaðarfulla uppbyggingu á bestu stöðum borgarinnar. Meðal þess sem nú er í uppbyggingu er Hafnartorgið svokallaða sem mun setja mikinn svip á miðborgina. Vonandi til hins betra, en Hafnartorgið er á lykilstað í borginni, gegnt Arnarhváli og Stjórnarráðinu, og hinum megin við götuna frá Hörpu. Ekki er laust við að stjórnarmaðurinn hlakki til að sjá hvernig tekst til.

**Nánast áður** en fyrsta skóflustungan hafði verið tekin bárust fregnir af því að fasteignafélagið Reginn hefði náð samningum við H&M um uppbyggingu stórverslunar á jarðhæð Hafnartorgs. Síðar kom reyndar á daginn að ekki var allt klappað og klárt hvað það varðar, en það var þó ekki látið tefja fyrir tilkynningu um ráðahaginn. Nú í liðinni viku bárust fréttir af því að Reginn hefði átt í viðræðum við risavaxin alþjóðleg tískumerki um opnun á Hafnartorgi. Voru þar nefnd merki á borð við Loius Vuitton, Gucci, Burberry og Prada. Það munar ekki um minna.

**Fjölmiðlar gripu** yfirlýsingar Regins að sjálfsögðu á lofti, en veittu því þó ekki athygli að Reginn sagðist einungis eiga í viðræðum „gegnum ráðgjafarfyrirtæki“. Nú er ekki gott að spyrja hvernig skilgreina eigi viðræður? Er það símtal, fundur eða dugar einfaldur tölvupóstur? Fjölmiðlamönnunum hefur ekki dottið í hug að hringja einfaldlega í talsmenn þessara erlendu stórfyrirtækja og fá málið á hreint?

**Nú skal ekki** gert lítið úr endurreisn miðbæjarins og þeim metnaði sem einkennir uppbyggingu við Hafnartorg. Það breytir því hins vegar ekki að Ísland er enn örmarkaður sem á tímum aukinnar netverslunar á bágt með að styðja við þær tískuverslanir sem fyrir eru í landinu. Því verður að teljast ólíklegt að rótgróin erlend tískufyrirtæki horfi hingað til lands hýru auga. Miðað við árferðið væru það helst enn fleiri útivistarmerki.

**Þá er það spurning** hvort hrósa eigi Regin fyrir metnaðinn, eða fyrir enn nýja og snjalla auglýsingabrellu. Stjórnarmaðurinn hallast að því síðarnefnda.






Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir

- **Hótel Lækur, Hróarslæk, Rangárþingi ytra**
- **Malar– og sandnám í Fossárvík í Berufirði**
- **Jarðgerð Moldarblöndunnar í Gufunesi, Reykjavík**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **11. júní 2018.**

---

KVENNASKÓLINN Í REYKJAVÍK










## Kvennaskólinn í Reykjavík auglýsir eftirfarandi stöður lausa til umsóknar:

- **Hagfræði:** 50% staða skólaárið 2018-2019.
- **Umhverfisfræði:** 50% staða skólaárið 2018-2019.
- **Íslenska:** 80-90% staða á haustönn 2018 og 65-70% á vorönn 2019.

Kröfur til umsækjenda: háskólapróf í viðkomandi greinum eða skyldum greinum ásamt kennsluréttindum í framhaldsskóla.
Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá, prófskírteinum og sakavottorði berist Kvennaskólanum í í rafrænu formi í netfangið hjalti@kvenno.is. Ekki er sótt um á sérstökum eyðublöðum og ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2018. Umsóknarfrestur er til 21. maí 2018. Laun kennara eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og fjármálaráðuneytis. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Tekið skal fram að skv. 4. mgr. 8. gr. laga framhaldsskóla nr. 92/2008 er óheimilt að ráða einstakling til starfa við framhaldsskóla sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga.

Nánari upplýsingar gefur undirritaður, auk aðstoðarskólameistara, í síma 580 7600 á skrifstofutíma (netföng: hjalti@kvenno.is og oddnya@kvenno.is).
Sjá einnig **www.kvenno.is**

***Skólameistari***

---

FÉLAG FASTEIGNASALA

Til félagsmanna í Félagi fasteignasala.

## AÐALFUNDUR 2018

**Aðalfundur Félags fasteignasala verður haldinn fimmtudaginn 24. maí kl. 16:30 síðdegis á Grand Hótel Reykjavík.**

Á dagskrá aðalfundar FF verða eftirtalin mál:

1. **Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu starfsári.**
2. **Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.**
3. **Kosning tveggja meðstjórnenda**
4. **Kosning tveggja varamanna**
5. **Kjör skoðunarmanna reikninga**
6. **Kjör laganefndar**
7. **Önnur mál, er upp kunna að vera borin.**

*Stjórnin*

---

**Aðalfundur Fasteignaleitar ehf verður haldinn fimmtudaginn 24. maí kl. 18:00 á Grand Hótel.**

**DAGSKRÁ:**
1. Ársskýrsla fasteignaleitar ehf
2. Endurskoðaður reikningur fyrir liðið reikningsár.
3. Önnur mál.

Léttar veitingar í lok fundar

*Stjórnin*

---

# SKIPULAGSBREYTING

Breyting á deiliskipulaginu Hafnarfjörður Miðbær – Lækjargata 2 og Suðurgata 7

